

**SKOÐUN** Skapa á frið með fyrirgefningu í stað hefndar, segir Elín Hirst. 12



**MENNING** Ljóðabókin Viljaverk í Palestínu er komin út á Starafugli. 20



**LÍFIÐ** Máluðu listaverk á húsgafl við höfnina í Vestmannaeyjum. 30



**SPORT** Arnar Már Björgvinsson afgreiddi Fylki í tólftu umferðinni. 26

WOW
STUNDVÍSASTA FLUGFÉLAG Á ÍSLANDI


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
23. júlí 2014
171. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



## Blóðbaðið heldur áfram

Hamas-liðar segjast ekki geta fallist á vopnahlé nema Ísraelar aflétti herkvínni. Árásum á Gasa linnir ekki. 2

**Ættleiða frá S-Afríku** Opnað hefur verið á ættleiðingar samkynhneigðra á börnum frá Suður-Afríku. 2

**Hornið 35 ára** Eigendur ítalska veitingastaðarins Hornsins í Hafnarstræti fagna 35 ára afmæli staðarins í dag. 6

**Sæstrengur á umframorku** Þótt orkufrek fyrirtæki í iðnaði geti ekki gengið að rafmagni vísu hjá Landsvirkjun ógnar það ekki áformum um sæstreng til Evrópu sem byggja mun á umframorku. 10





14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 13° | SA | 6 |
| Akureyri | 19° | S | 4 |
| Egilsstaðir | 23° | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 15° | SA | 5 |
| Reykjavík | 15° | SA | 9 |

**BJART MEÐ KÖFLUM** Í dag verða SA 8-13 m/s og stöku skúrir SV-til en hægari S-átt og bjartviðri annars staðar. Hiti 12–23 stig, mildast A-lands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Gönguskór og útivistarfatnaður | Fólk**







**LEIT AÐ KLAUSTRI Í VIÐEY** Fornleifafræðingurinn Steinunn Kristjánsdóttir (lengst til vinstri) var í Viðey í gær ásamt rannsóknarhópi sínum. Þar leituðu þau að ummerkjum um miðaldaklaustur en fundu þess í stað öskuhaug. Alls verður leitað að klaustrum á fjórtán stöðvum á landinu á næstu þremur árum. **Sjá síðu 4.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Séreign 20 þúsunda í íbúðalán

Nær þrettán þúsund manns hafa sótt um að greiða séreignarsparnað inn á fasteignalán. Sjö þúsund eru í ferli.

**HÚSNÆÐISMÁL** Á miðnætti á mánudagskvöld höfðu 12.705 manns sótt um að ráðstafa séreignarsparnaði til greiðslu inn á fasteignaveðlán. Að auki eru um 7.400 að vinna í opinni umsókn.

„Maður gerði sér ekki alveg grein fyrir hvernig þetta yrði en ég held að þetta sé nokkuð í takt við það sem búist var við,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, verkefnastjóri um framkvæmd lækkunar húsnæðislána.

Ef fólk vill nýta séreignarsparnað af launagreiðslum frá 1. júlí síðastliðnum til að greiða inn á fasteignaveðlán sín þarf það samt að sækja um fyrir 1. september.

Hvað leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána varðar voru umsóknirnar 46.156 á miðnætti á mánudagskvöld. Bak við þær var 70.801 kennitala. Umsóknarfresturinn fyrir leiðréttinguna rennur út 1. september.

„Um miðjan ágúst munum við fara í smá herferð til að minna fólk á að það sé að loka, til að það verði örugglega ekki þannig að einhverjir gleymi því. Þá tekur þetta auðvitað kipp.“

Opnað var fyrir umsóknir um leiðréttinguna 18. maí og ráðstöfun séreignarsparnaðar tíu dögum síðar. Alls starfa 60 til 70 manns við verkefnið.

„Nú erum við að vinna í útreikningaforritunum og það gengur bærilega. Við höldum að við getum skilað af okkur niðurstöðum um mánaðamótin september-október. Þá verður gert upp,“ segir Tryggvi. - fb



**Það verður hægt að sækja um séreignarsparnað næstu þrjú árin, þannig að það er ekki eins og það sé að lokast eitthvað.**

*Tryggvi Þór Herbertsson, verkefnastjóri um framkvæmd lækkunar húsnæðislána.*

Félagsmálaráðherra vill fara í saumana á orsökum atvinnuleysis hjá konum:

# Aldursmismunun verði bönnuð

**ATVINNUMÁL** Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segir frumvarp í smíðum þar sem meðal annars verði bannað að mismuna á vinnumarkaði vegna aldurs.

Eygló hefur jafnframt óskað eftir því við Vinnumálastofnun að farið verði í saumana á upplýsingum sem Fréttablaðið birti á mánudag sem sýna að langtímaatvinnuleysi er mest í hópi kvenna yfir fimmtugu.

Uppgangur í einkageiranum gæti skýrt hvers vegna atvinnuleysi í þessum hópi sé svo mikið þegar það fer minnkandi þegar á heildina er litið.

Karl Sigurðsson hjá Vinnumálastofnun segir átaksverkefni sem ráðist var í eftir hrun ekki hafa verið of karllæg. „Við vitum þó að karlar tóku frekar þátt í þeim en konur tóku frekar þátt í námstengdum úrræðum.“ - ssb / sjá síðu 6



**Ég mun hafa samband við Landssamband eldri borgara og óska formlega eftir samstarfi hvað þetta varðar.**

*Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra.*


Haminjuberin
Ein næringarríkasta fæða á jörðinni





Öll betri apótek, Heilsuhúsið, Heilsutorg, Sportlíf, Fjarðarkaup Heimkaup og Heilsuhorninu Blómaval

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT 10-11

Undragóð blanda við bólgum og meiðslum





www.gengurvel.is

## SPURNING DAGSINS



Guðbrandur, erum við úti að aka með bílprófsaldurinn?

**„Já, keyrum þessar breytingar í gang.“**
Guðbrandur Bogason ökukennari er talsmaður þess að bílprófsaldur verði hækkaður.

Fiskeribladet Fiskaren segir Samherja hafa verið snúið frá bryggju í Noregi:

# Lönduðu bara í næsta bæjarfélagi

**SJÁVARÚTVEGUR** Í Noregi greinir Fiskeribladet Fiskaren frá því að norsk yfirvöld hafi neitað Samherja um löndunarleyfi á þorski við bryggju í Myre í Noregi. Fiskinn hafi átt að áframsenda í vinnslu á Íslandi.

Lögfræðideild PricewaterhouseCoopers í Noregi er sögð hafa farið fram á viðræður við sjávarútvegsráðuneyti Norðmanna vegna málsins.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, segir norska fiskveiðiritið gera heldur meira úr málinu en efni standi til. „Þetta er eldgamalt mál. Við vorum þarna í febrúar og lönduðum bara annars staðar,“ segir hann. Í gangi hafi verið vertíð og margir sem hafi viljað komast að í löndun. „Og þetta var ekkert mál.“ Landað hafi verið í Sortland í staðinn.



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON**

Þorsteinn Már segir að því fari fjarri að Samherji eigi í deilum við norsk yfirvöld vegna málsins, þótt vera kunni að gerð hafi verið einhver fyrirspurn.

Fram kemur í umfjöllun Fiskaren að löndunarstaðurinn í Myre þar sem Samherji hafi leyfi til að landa afla sínum hafi verið upptekinn og ekki fengist leyfi til löndunar við almenna bryggju á staðnum. **- óká**

Hjálpargögn vantar á svæðið:

# 12 milljónir frá Íslandi til Gasa

**HJÁLPARSTARF** Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra, veitir tólf milljóna króna framlag í mannúðaraðstoð á Gasa.

Fjárframlagið rennur til tveggja stofnana Sameinuðu þjóðanna sem starfa á svæðinu en mikil neyð er á svæðinu vegna þeirra átaka sem hafa geisað að undanförnu.

Mikill skortur er á hjálpargögnum og hreinlætisaðstöðu en yfir hundrað þúsund íbúa á svæðinu eiga hvergi í nein hús að vernda. **- nej**



**LISTSIGLING** Ferðamenn í hvalaskoðun fengu ekki aðeins að njóta náttúrunnar heldur einnig listaverks íslensks listamanns. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Erlendir ferðamenn í hvalaskoðun njóta náttúru og lista:

# Fullt af höfrungum og ein Þúfa

**FERÐAÞJÓNUSTA Erlendir ferðamenn í hvalaskoðun á skipinu Hafsúlunni sáu bæði hrefnur og óhemju mikið af höfrungum í gær að sögn Vignis Sigursveinssonar, skipstjóra hjá Eldingu, sem á Hafsúluna.**

**„Það hefur gengið ágætlega,“ segir Vignir spurður um hvernig gengið hefur það sem af er sumri. Veðrið hefur sett strik í reikninginn. „Það vantar sólina.“**

**Starfsmenn Eldingar fagna því góða veðrinu sem hefur leikið við borgarbúa síðastliðna daga. „Okkur fannst sumarið hafa komið aftur á sunnudaginn.“**

**Í bakgrunni myndarinnar má sjá listaverkið Þúfu eftir Ólöfu Nordal. Þúfan er átta metrar á hæð og 26 metrar í þvermál. Hjallur stendur á toppi hennar og þar er þurrkaður fiskur. - nej**

# Samkynhneigðir fá að ættleiða frá S-Afríku

**Suður-Afríka hefur samþykkt danskt samkynhneigt par sem foreldra. Framkvæmdastjórar Íslenskrar ættleiðingar og Samtakanna ´78 fagna tíðindunum. Ekki hafa verið tækifæri til að nýta lögin sem sett voru fyrir nokkrum árum.**

**SAMFÉLAG** Danskt samkynhneigt par hefur ættleitt barn frá Suður-Afríku og er þetta í fyrsta sinn sem hinsegin fólk í Danmörku hefur fengið barn til ættleiðingar erlendis frá, samkvæmt frásögn danskra fjölmiðla.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri opinberlega greint frá því að samkynhneigt par hafi verið samþykkt sem foreldrar af upprunaríki. Þetta eru gríðarlega góðar fréttir fyrir málaflokkinn í heild sinni. Vonandi verður þetta til þess að fleiri samkynhneigðir fái að ættleiða börn. Þeir geta svo sannarlega verið jafngóðir foreldrar og aðrir,“ segir Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar. Hann segir Íslenska ættleiðingu hafa verið í samstarfi við Samtökin ´78 undanfarin ár og skoðað möguleikana fyrir samkynhneigða á að ættleiða börn.

Árni Grétar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Samtakanna ´78, fagnar því að loksins séu að opnast leiðir til ættleiðingar hinsegin fólks erlendis frá. „Innlendar ættleiðingar hafa verið fáar og ekki verið tækifæri til að nýta lögin sem sett voru fyrir nokkrum árum,“ segir hann.

Kristinn bendir á að í svokölluðum upprunalöndum, það er að segja löndum sem börn eru ættleidd frá, sé staða mannréttinda öðruvísi en á Íslandi. „Stjórnarskrá Suður-Afríku og lög þar í landi eru hins vegar mjög höll undir réttlæti. Þar hafa menn nefnilega horfst í augu við mikið óréttlæti í gegnum tíðina.“

Danska parið, Thomas Møller og Rasmus Holm, kom nýlega heim með tæplega níu mánaða gamla dóttur frá Suður-Afríku. Í viðtali við Politiken greina þeir frá því að þeir hafi þurft að sætta sig við að ættleiða barn með skilgreindar þarfir.

Kristinn bendir á að sömu reglur hafi gilt fyrir einhleypa. „Einhleypir hafa færri tækifæri til að ættleiða börn. Yfirleitt er um að ræða eldri börn eða börn með skilgreindar þarfir. Það eru færri sem vilja ættleiða þessi börn og upprunaríkin reyna endalaust að finna foreldra sem vilja þau. Ég held að þetta eigi eftir að breytast heilmikið á næstu tíu árum. Þetta fyrsta skref er ákaflega gleðilegt og eykur möguleika fleiri barna á að eignast foreldra.“ **ibs@frettabladid.is**



**SAMKYNHNEIGÐIR** Möguleikar hafa opnast í Suður-Afríku á ættleiðingum fyrir hinsegin fólk. NORDICPHOTOS/AFP



**KRISTINN INGVARSSON**



**ÁRNI GRÉTAR JÓHANNSSON**

Erna Solberg minnist Úteyjar:

# Óafsakanlegar ofbeldisöfgar

**DANMÖRK, AP** Forsætisráðherra Noregs, Erna Solberg, segir að besta leiðin til að heiðra minningu ungmennanna 77 sem voru myrt í Útey fyrir þremur árum sé að berjast fyrir umburðarlyndi, fjölbreytileika og opinskáum samskiptum.

Solberg segir ofbeldisfullar öfgar líkt og hryðjuverkamaðurinn Anders Breivik sýndi í Útey með öllu óafsakanlegar. Breivik myrti átta manns í sprengingu í Ósló og skaut svo 69 félaga Verkamannaflokksins í Útey. Minningarathöfn verður á fimmtudag. **- kóh**

Gagnagrunnur í ótal löndum:

# Ný tækni brúar bil milli bænda

**LANDBÚNAÐUR** Nýr erfðaefnisgagnagrunnur í nautgriparækt kemur til með að bæta kynbætur á stofninum á næstu árum og flýta afurðaframförum. Frá þessu er greint á vefmiðli Landssambands kúabænda, naut.is.

Gagnagrunnurinn sem var nýverið tekinn í notkun hefur einstaka sérstöðu. Grunnurinn nær yfir ótal lönd og getur því brúað bil á milli kúabænda heimsins. Hann geymir umfangsmiklar ætternisupplýsingar og upplýsingar um kynbótagripi fjögurra afurðakynja. **- nej**






„Við getum ekki farið aftur á bak, til hægfara dauða,“ segir leiðtogi Hamas:

# Vilja að herkví á Gasa verði aflétt

**GASA** John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fór þess á leit í gær við palestínska andspyrnuhópinn Hamas að hann samþykkti vopnahlé við Ísraelsmenn að tillögu Egypta. Yfir 600 Palestínumenn hafa látist í átökunum og á tug Ísraelsmanna.

Ákall Kerrys kemur í kjölfar fundar Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, með Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels. Framkvæmdastjórinn hélt á fund Netanjahús til þess að ræða það hvernig hægt væri að binda enda á blóðbaðið sem á sér stað á Gasa og hefja friðarviðræður með rót átakanna að leiðarljósi.

„Við gerum það sem við þurfum til þess að verja okkur,“ sagði Netanjahú við hvatningu Ki-Moons til viðræðna milli hinna stríðandi fylkinga.

Hamas-liðar hafa áður neitað að fallast á vopnahlé. Fyrir þeim er hernámið rót átakanna og þeir hafa krafist þess að herkvínni á Gasasvæðinu verði aflétt. „Við getum ekki farið aftur á bak, til hægfara dauða,“ sagði Ismail Haniya, leiðtogi Hamas, í sjónvarpsviðtali. Ísraelsmenn virðast ekki tilbúnir til þess að frelsa Palestínumenn á Gasasvæðinu.

Skotið var beint inn á fréttastofu Al Jazeera á Gasasvæðinu í gær en Avigdor Lieberman, utanríkisráðherra Ísraels, sagðist daginn áður ætla að beita sér fyrir því að fréttastofunni yrði lokað. Hann segir Al Jazeera ljúga í andísraelskum fréttaflutningi sínum og einnig hvetja hryðjuverkamenn til dáða. **- nej**



**LÁTLAUSAR ÁRÁSIR** Ísraelsmenn hafa ekki dregið úr árásum sínum undanfarna daga en þéttbýlt er á Gasasvæðinu sem merkir hámarkseyðileggingu í hvert sinn sem þeir láta sprengju falla úr lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




KIA
The Power to Surprise

**Fengum takmarkað magn af ríkulega búnum Kia cee'd Sportswagon EX með öflugri bensínvél á sérstöku tilboðsverði.**

**Dæmi um búnað:**

- 16" álfelgur
- Loftkæling (A/C)
- Cruise Control
- Bakkskynjarar
- Hiti í stýri og sætum
- Bluetooth
- Flex stýrisstilling
- Beygjuskynjari
- LED ljós
- Akstursstölva
- 525 lítra farangursrými
- USB tengi
- Hólf milli sæta

og margt fleira

**Eigum bíla til afgreiðslu strax!**
**Komdu og reynsluaktu.**

Aðeins **35.990 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

* M.v. 1.600 þús. kr. útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílalán Landsbankans í 84 mánuði. 9,4% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,14%.

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

## SVONA ERUM VIÐ



**1.524 milljónum króna var varið í kaup á miðum á kvikmyndasýningar á Íslandi árið 2012.**

Miðar á innlendar myndir seldust fyrir 169 milljónir króna en miðar á erlendar sýningar fyrir 1.355 milljónir króna.

Svarti kassinn úr flugi MH17 afhentur í gær og fórnarlömb flutt til Kharkiv:

# Líkamsleifar fluttar til Hollands

**ÚKRAÍNA** Lest með líkamsleifar fórnarlamba árásarinnar á flugvél Malaysia Airlines í síðustu viku kom til borgarinnar Kharkiv í gær. Þaðan verða lík farþeganna flutt til Hollands og þau fyrstu koma til landsins í dag.

„Þegar líkamsleifarnar eru komnar til Hollands fer af stað ferli til að bera kennsl á þær,“ sagði Scott Heidler, blaðamaður Al Jazeera, sem er í Kharkiv. Lík þeirra sem ekki voru frá Hollandi verða síðan flutt til síns upprunalands.

298 manns, flestir Hollendingar, létust þegar vélin var skotin niður yfir Úkraínu á fimmtudag. Hollensk yfirvöld leiða alþjóðlega rannsókn á atvikinu.

Aðskilnaðarsinnar í Úkraínu afhentu í gær svörtu kassana tvo með upplýsingum um síðustu stundir flugferðarinnar. „Malasíska teymið hefur fengið svörtu kassana, sem virðast vera í góðu ásigkomulagi,“ sagði Najib Razak, forsætisráðherra Malasíu. - nej



**LÖNG LEIÐ** Biðin hefur verið erfið fyrir aðstandendur fórnarlambanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Athygli vakin á innköllun:

# Cintamani-flík í trássi við lög

**NEYTENDUR** Bönd í fjórum barnaflíkum frá Cintamani samræmast ekki lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Því hafa flíkurnar verið innkallaðar.

Bönd í hálsmáli barna undir sjö ára aldri eru ekki leyfileg og bönd í hálsmáli á fötum barna á 7-14 ára eru leyfileg innan ákveðinna marka. Neytendastofa hvetur þá sem keypt hafa slíkan barnafatnað frá Cintamani til að snúa sér til verslunarinnar. Þar verða böndin tekin úr. - nej



**HEIMAEY** Þjófurinn hefur tekið góðan rúnt í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Óupplýst mál í Heimaey:

# Stal bíl í Eyjum

**LÖGREGLUMÁL** Um hádegið á laugardag var lögreglunni í Vestmannaeyjum tilkynnt að bíl hefði verið stolið. Var talið að hann hefði verið tekinn ófrjálsri hendi skömmu eftir hádegi deginum áður. Síðdegis á laugardeginum fannst síðan umræddur bíll og var ástand hans eins og þegar eigandinn skildi við hann nema hvað grynnkað hafði verulega í eldsneytistankinum. Nú rannsakar lögreglan hver getur hafa farið þennan ólöglega rúnt. - jse

Þýskir sjúklingar rækta gras:

# Kannabisræktun leyfð í Köln

**ÞÝSKALAND, AP** Þrír þýskir sjúklingar sem þjást af krónískum sársauka mega rækta eigið kannabis, segir dómari í Köln.

Sjúklingarnir sýndu fram á að hefðbundin sársaukadeyfandi lyf hefðu lítil sem engin áhrif. Kannabis er selt sem lyf sums staðar í Þýskalandi, en er ekki innifalið í almannasjúkratryggingum. Þar sem sjúklingarnir höfðu ekki efni á að kaupa kannabis vildu þeir fá heimild til heimaræktunar. - kóh

## LEIÐRÉTT

Í viðtali við Einar Jóhannesson klarinettuleikara á tímamótasíðu Fréttablaðsins í gær sagði blaðamður að tónleikar Voces Thules í Norðurljósasal Hörpu væru þann daginn, en þeir eru í dag klukkan 18.30. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Kortleggja íslensk miðaldaklaustur

Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur leitar ásamt aðstoðarmönnum sínum að minjum um miðaldaklaustur á fjórtán stöðum á landinu. Notaðar eru jarðsjár, innrauðar myndir og loftmyndir. Til stendur að skrifa bók um afraksturinn.

**FORNLEIFAR** Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafnið, ætlar í vettvangsferðir með rannsóknarhópi sínum á fjórtán staði á Íslandi þar sem talið er að miðaldaklaustur hafi staðið.

Vinnan hófst í vor og hefur gengið ágætlega að mati Steinunnar. „Við erum að skoða örnefni og skjöl um klaustrin og erum að leita að gripum úr þeim í söfnum og kirkjum landsins. Við ætlum að vera í þessu í þrjú ár,“ segir hún aðspurð.

Sex manna hópur starfar við rannsóknina hluta úr árinu. Fjármagnið kemur frá Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og nemur um 12 til 13 milljónum króna. Vilyrði hefur fengist fyrir jafnháum styrk næstu tvö árin. Hugmyndin er að taka niðurstöðurnar saman í eina bók um miðaldaklaustur á Íslandi.

Það sem af er sumri hefur tekist að skrá niður mikið af upplýsingum um klaustrin sem munu hjálpa hópnum við leitina. „Við erum að rýna í kort og erum búin að fara á nokkra staði. Fyrstu niðurstöður eru þær að klaustrin eru yfirleitt ekki þar sem talið er að þau hafi staðið. Munnmælin og örnefnin eru ekki alveg að standast ýmsar hugmyndir um hvar þau stóðu en við erum enn þá að leita.“

Við leitina að rústunum notar hópurinn þrjár gerðir af jarðsjám, auk þess að skoða innrauðar myndir og loftmyndir. Þegar hefur verið leitað á Bæ í Borgarfirði þar sem talið er að fyrsta klaustrið á Íslandi hafi verið, á Helgafelli við Stykkishólm, í Hítardal á Mýrum, á Reynistað í Skagafirði og í Viðey í Kollafirði, þar sem Steinunn og félagar voru einmitt að störfum í gær. Þar var grafin hola án þess að nokkuð tengt klaustri hafi fundist. „Þetta er svolítið spennandi niðurstaða. Margir vildu meina að klaustrið hefði verið þarna en þetta eru bara öskuhaugar frá bænum.“

Hún segir óvíst hvað hafi varðveist ofan í jörðinni frá klaustrum á Íslandi en telur engu að síður mikilvægt að kortleggja klausturlífið. „Það virðist hafa verið mjög öflugt og þessi klaustur áttu gríðarlega miklar eignir og jarðir,“ segir Steinunn. „En klaustrin hafa fallið svolítið í skuggann af höfðingjunum. Það hefur verið lagt mikið í rannsóknir á veraldlegu valdi en það er minna búið að skoða kirkjuvald og klaustrin.“

freyr@frettabladid.is



**ÚTI Í VIÐEY** Steinunn Kristjánsdóttir (lengst til vinstri) var að störfum í Viðey í gær ásamt Völu Gunnarsdóttur, Hrafnhildi Helgu Halldórsdóttur, Helgu Jónsdóttur og Hermanni Jakobi Hjartarsyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Leita að stöðum tengdum einsetufólki

Auk þess að leita að miðaldarklaustrum skoðar rannsóknarhópurinn staði sem hafa verið tengdir við einsetufólk. Slíkur klausturlifnaður virðist hafa verið tíðkaður á Íslandi rétt eins og annars staðar í Evrópu, að sögn Steinunnar. „Upphaflega hugmyndin að baki klaustrunum var einsetulifnaður. Það breyttist þegar klausturlifnaður fór að verða algengari. Þetta voru kannski tíu manns á 12. og 13. öld. Það er mjög gaman að skoða þetta líka og það er til ótrúlega mikið til af heimildum um þetta fólk.“



**BANKASTJÓRAR** Seðlabankinn og ríkissjóður báru ábyrgð á endurgreiðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Norðurlandalán endurgreidd:

# Greiða til baka 114 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands endurgreiða fyrirfram í dag lán frá Norðurlöndunum sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins árið 2008. Þetta er endurgreiðsla að jafnvirði um 114 milljarðar króna sem voru upphaflega á gjalddaga á árunum 2019, 2020 og 2021. Er því að fullu búið að endurgreiða lán frá Norðurlöndunum. - jhh

ALMC selur hluti í Straumi:

# Fjórir með 65 prósenta eign

**VIÐSKIPTI** Hópur fjárfesta hefur gengið frá kaupum á hlut ALMC í Straumi fjárfestingabanka hf. Eftir kaupin verða um 35 prósent af hlutafé bankans í eigu starfsmanna og 65 prósent í eigu fjögurra félaga sem eiga öll jafnan hlut hvert.

Þau eru Sigla ehf., Ingimundur hf., Varða Capital ehf. og Eignarhaldsfélagið Mata hf.

Þeir fjárfestar sem eru í forsvari fyrir félögin eru Tómas Kristjánsson og Finnur Reyr Stefánsson fyrir Siglu, Ármann Ármannsson og Ármann Fr. Ármannsson fyrir Ingimund og Grímur Garðarsson og Jónas Hagan fyrir Varða Capital. Guðný, Eggert, Halldór og Gunnar Gíslabörn standa á bak við Eignarhaldsfélagið Mata hf. - jhh






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 32° | Friedrichshafen | 25° | New York | 30° |
| Aþena | 31° | Gautaborg | 25° | Orlando | 31° |
| Basel | 29° | Kaupmannahöfn | 25° | Ósló | 29° |
| Berlín | 28° | Las Palmas | 26° | París | 28° |
| Billund | 26° | London | 27° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 28° | Mallorca | 32° | Stokkhólmur | 26° |







**BONGÓBLÍÐA VÍÐA** Nú er bara fínasta veðurspá fyrir allt landið í dag, yfirleitt bjart með köflum um sunnan- og vestanvert landið en þó líkur á síðdegisskúrum. Hiti að 18 stigum í uppsveitum á Suðvesturlandi en allt að 23 stig austanlands.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Sturtuklefar í úrvali !

















Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margar íslenskar konur krefjast bóta vegna gallaðra brjóstapúða?
**2.** Í hvaða á hérlendis veiddi Quentin Tarantino lax?
**3.** Hvar hafa feðgar sótt um stöðu bæjarstjóra?

**SVÖR**

**1.** 140. **2.** Hítará. **3.** Í Hafnarfirði og Reykjanesbæ.

Eigendur segja galdurinn við langlífan veitingastað gott starfsfólk, ánægða kúnna og bragðgóðan mat:

# Veitingastaðurinn Hornið 35 ára í dag

**VEITINGAR** Hjónin Jakob Hörður Magnússon og Valgerður Jóhannsdóttir opnuðu Hornið, ítalskan veitingastað, við Hafnarstræti 15 í miðbæ Reykjavíkur fyrir 35 árum í dag.

Aðspurður segir Jakob Hörður að velgengni staðarins stafi af vinnusemi, góðu starfsfólki og ánægðum kúnnum.

Á þeim 35 árum sem veitingahúsið hefur verið rekið finnst Jakobi þróunin í veitingastaðaflórunni í miðbænum sem og hin stóraukna umferð ferðamanna um landið áhugaverð.

Segja má að Hornið hafi unnið mikilvægt frumkvöðlastarf hvað ítalska matreiðslu varðar. „Allir þessir pastaréttir, lasanja og fleira, fólk vissi varla hvað þetta var. Svo var þetta náttúrulega fyrsti staðurinn sem var með pitsur sem voru bakaðar beint fyrir framan gestina,“ segir Jakob.

Matseðill Hornsins hefur ekki breyst mikið gegnum árin. Þó fannst landsmönnum matreiðslustíllinn ítalski heldur nýstárlegur við tilkomu staðarins.

Sumir réttirnir hafa eflaust komið landanum heldur spánskt fyrir sjónir, en þar má helst nefna snigla í hvítlaukssmjöri.

Gestum Hornsins verður boðið upp á ítalska tíramísú-afmælisköku í eftirrétt í tilefni 35 ára áfangans. **- kóh**



**FLATBÖKUBAKSTUR** Hornið vann frumkvöðlastarf í íslenskri pitsugerð á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








**KARLAR VINNA** Atvinnuátaksverkefni á borð við Allir vinna snerust mörg hver um að fjölga störfum í byggingariðnaði. Iðnaðarmenn misstu vinnuna fljótlega eftir hrun en atvinnumál kvenna haldast ekki í hendur við uppgang í einkageiranum nú. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Atvinnuleysi kvenna vegna niðurskurðar

Uppgangur í einkageiranum á móti auknu aðhaldi í ríkisfjármálum gæti skýrt hvers vegna konur sitja frekar eftir á atvinnuleysisskrá. Félagsmálaráðherra hefur kallað eftir samstarfi til að bregðast við miklu langtímaatvinnuleysi kvenna.

**ATVINNUMÁL** Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra hefur óskað eftir því að Vinnumálastofnun fari í saumana á nýjum upplýsingum sem Fréttablaðið birti á mánudag sem sýna að langtímaatvinnuleysi er mest í hópi kvenna yfir fimmtugu.

Jafnframt segir hún að vinna standi yfir við gerð frumvarps sem meðal annars eigi að banna mismunun á vinnumarkaði á grundvelli aldurs. „Reynsla Evrópuþjóða sem hafa innleitt þessar reglur hefur sýnt að flest málin sem koma upp þar sem reynir á þessa löggjöf eru vegna mismununar á grundvelli aldurs. Það koma líka upp mál vegna mismununar á grundvelli annarra þátta en langalgengust er mismunun á grundvelli aldurs.“

Hún segir að nú þegar atvinnuleysi fari minnkandi verði að skoða hvers vegna ákveðnir hópar sitji eftir og nái sér ekki jafn vel á strik og aðrir. „Karlar á Íslandi eru líklegri til að starfa í einkageiranum en konur eru líklegri til að starfa í opinbera geiranum. Þar er mikið aðhald og þar verður áfram mikið aðhald.“

Undir þetta tekur Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun. Hann segir að uppgangur í einkageiranum geti ef til vill skýrt það hvers vegna konur hafi setið eftir á atvinnuleysisskrá.

Aðspurður segir hann ástæðu atvinnuleysis kvenna þó ekki vera að þau atvinnuátaksverkefni sem ráðist var í eftir hrun hafi verið of karllæg og ekki höfðað til kvenna. „Við vitum þó að karlar tóku frekar þátt í þeim en konur tóku frekar þátt í námstengdum úrræðum,“ segir Karl.

Ríflega fimm hundruð konur yfir fimmtugu eru skilgreindar langtímaatvinnulausar. 42 prósent þeirra kvenna sem eru atvinnulausar hafa verið það í meira en eitt ár, eða 333 talsins.

Eygló segir að stjórnvöld verði að skoða hvað hægt sé að gera fyrir þennan hóp. „Ég mun hafa samband við Landssamband eldri borgara og óska formlega eftir samstarfi hvað þetta varðar. Ég hef nú þegar tekið málið upp líka við forstjóra Vinnumálastofnunar. Bæði þarf að skoða hópinn betur og huga að því hvað við gætum hugsanlega gert og gæti skýrt þennan mun.“ **snaeros@frettabladid.is**



> **Karlar á Íslandi eru líklegri til að starfa í einkageiranum en konur eru líklegri til að starfa í opinbera geiranum.**
>
> *Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra*

Stúlkurnar 219 sem Boko Haram rændu eru enn týndar eftir þrjá mánuði:

# Foreldrar drepnir í árásum

**NÍGERÍA, AP** Þrír mánuðir eru liðnir síðan íslamistasamtökin Boko Haram rændu 219 nígerískum stúlkum. Ellefu úr hópi foreldra stúlknanna hafa látist í árásum hermanna á bæinn Chibok.

Þar til viðbótar hafa margir foreldranna veikst andlega og dáið úr hjartaáföllum og sambærilegum sjúkdómum í kjölfar þess að stúlkunum var rænt.

Goodluck Jonathan, forseti Nígeríu, kom í heimsókn til Chibok í síðustu viku, í fyrsta sinn síðan stúlkunum var rænt.

Jonathan svaraði ekki kallinu fyrr en Malala Yousafzai, afgönsk baráttukona fyrir réttindum kvenna, baðst áheyrnar.

Aðgengi að Chibok er vægast sagt slæmt. Flugi til og frá bænum hefur verið hætt og vegir sem liggja að bænum eru svo yfirfullir af skemmdum bílum að ómögulegt er að ferðast um þá.

Íbúar Chibok óttast að fæðuskortur, fátækt og eldsneytisskortur bíði þeirra rétt handan við hornið. **- kóh**



**HALDA TIL FUNDAR** Borgarar Chibok ganga til fundar við forseta Nígeríu, Goodluck Jonathan. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




ENNEMM / SÍA / NM63558 // Aukabúnaður á mynd: 17" álfelgur

## AF GEFNU TILEFNI BENDUM VIÐ ÞEIM SEM LANGAR Í RAFBÍL Á NOKKRAR STAÐREYNDIR SEM VERT ER AÐ HAFA Í HUGA.

**Í ÁBYRGÐ**
Vertu viss um að Nissan Leaf rafbíllinn sé framleiddur fyrir Evrópu því þá fylgir honum 3 ára verksmiðjuábyrgð auk 5 ára verksmiðjuábyrgðar á rafhlöðu sem tryggir þig fyrir mögulegum bilunum, innköllunum eða uppfærslum á búnaði sem kunna að koma upp yfir ábyrgðatímann.

**AMERÍSKIR EKKI Í ÁBYRGÐ**
Þeir Nissan Leaf rafbílar sem eru framleiddir fyrir Ameríku eru ekki í ábyrgð í Evrópu. Söluaðilar Nissan í Evrópu (BL ehf.) geta ekki ábyrgst Nissan Leaf rafbíla, nýja eða notaða, sem framleiddir eru fyrir Ameríku og fluttir til Evrópu.

**HJÁ OKKUR FÆRÐU BESTU TRYGGINGUNA**
Amerískir Nissan Leaf eru ekki með ábyrgðartryggingu eins og evrópskir. Hægt er að kaupa hjá tryggingafélagi 3 ára ábyrgðartryggingu á nýjan rafbíl sem fluttur er inn frá Ameríku fyrir 160.000 kr. Margt af því sem fellur undir verksmiðjuábyrgð framleiðanda er undanskilið í þessari ábyrgð auk þess sem 5 ára ábyrgðartrygging á rafhlöðu er ekki innifalin eins og í bílum sem framleiddir eru fyrir Evrópu.

**250.000 KR. HEIMAHLEÐSLUTÖÐ Í KAUPBÆTI**
Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. býður fylgir nú hraðhleðslustöð að andvirði 250.000 kr. sem hægt er að setja upp heima eða á vinnustað. Hraðhleðslustöðin fullhleður Nissan Leaf á einungis 4 tímum í stað 11 tíma með hefðbundinni hleðslu.

**INNÁBORGUN MEÐ NOTUÐUM BÍL**
Þeir sem kaupa Nissan Leaf Nordic rafbíl frá BL ehf. geta greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl. Restina er hægt að taka að láni að hluta eða öllu leyti. Gerðu frábær kaup á glænýjum Nissan Leaf Nordic. Við hvetjum neytendur til að gera raunhæfan verðsamanburð.

**45 DAGA SKIPTIRÉTTUR**
Langar þig að prófa en ert ekki viss? Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 45 daga skiptiréttur.*

Sjá nánar á **www.nissanleaf.is**

5 YEAR WARRANTY BATTERY AND ALL EV COMPONENTS 100 000 KM

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.

*Ef viðskiptavinur sem keypt hefur Nissan Leaf Nordic telur bílinn ekki henta þörfum sínum bjóðum við 45 daga skiptirétt. Viðskiptavinur getur þá skilað bílnum og látið kaupverðið ganga upp í kaup á sambærilegum eða dýrari nýjum bíl frá BL ehf. Miðað er við að bíllinn sé ekinn að hámarki 1.500 km. á tímabilinu.


**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bilás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



**1 MINNAST FÓRNARLAMBA VOÐAVERKS** Fjöldi fólks var við minningarathöfn sem haldin var í Útey í Noregi í gær til að minnast fórnarlamba Anders Behrings Breivik. Hann réðist þar á og drap með skotvopnum 69 manns í júlí 2011. Alls létust 77 í árásum Breiviks þann dag, en átta létu lífið í sprengjuárásum hans í miðborg Óslóar. NORDICPHOTOS/AFP




**2 HÖFÐU SIGUR** Diego Canamero, talsmaður Verkamannasambands Andalúsíu (SAT) yfirgefur hér Alborote-fangelsið, nærri Granada, eftir að náðaðir höfðu verið og látnir lausir tveir félagar sambandsins í gær. Þeir fengu þriggja ára fangelsisdóm fyrir þátttöku í verkfalli sem M15-hreyfingin skipulagði í mars 2012. Náðunin kom í kjölfar mótmæla og hungurverkfalls félaga SAT fyrir utan fangelsið. NORDICPHOTOS/AFP



**3 MANNSKÆÐ PEST** Arjun Ravidas, indverskur sjúklingur, fær hjúkrun vegna japanskrar heilabólguveiru á háskólasjúkrahúsi í útjaðri Siliguri í gær. Í Vestur-Bengal hefur heilabólga orðið 60 manns að bana síðustu daga og hafa yfirmenn heilbrigðismála í landinu sagst hafa þungar áhyggjur af ástandinu. NORDICPHOTOS/AFP









**4 GRIPNIR Á LANDAMÆRUNUM** Bandarískir landamæraverðir taka ólöglega innflytjendur fasta í McAllen í Texas í Bandaríkjunum. Á þessu ári hafa þúsundir innflytjenda, margir hverjir unglingar og börn frá Mið-Ameríku, komið til Bandaríkjanna með ólöglegum hætti og í kjölfarið hafa sprottið fordæmalaus félagsleg vandamál á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Rick Perry, ríkisstjóri í Texas, segir að kveða eigi til 1.000 þjóðvarðliða til að stemma stigu við flaumnum. NORDICPHOTOS/AFP



**5 Í HÖNDUM LAGANNA VARÐA** Kazim Aksoy, fyrrverandi varaforseti efnahagsbrotadeildar lögreglunnar í Istanbúl í Tyrklandi, sést hér færður frá sjúkrahúsi í Istanbúl þar sem fram fór læknisskoðun á honum við upphaf varðhalds sem hann situr í. Í gær handtóku tyrknesk yfirvöld 55 háttsetta lögreglumenn í tengslum við rannsókn á meintri spillingu og misbeitingu valds. NORDICPHOTOS/AFP



# Útileguvörurnar fást hjá okkur



easy camp

**ANTIC TJALD, HVÍTT**
Antic. Tveggja manna tjald. Vatnsheldni 1500 mm. Ytri mál: 120 x 215 x 95 cm. Opnast af sjálfu sér. Auðvelt í notkun.

**7.495,-**

easy camp

**ECLIPSE 300 TJALD**
Þriggja manna. Vatnsheldni 2000 mm, 100% pólýester-dúkur með öndunar-eiginleikum, þyngd 4,4 kg. Ytri mál: 360 x 120 x 130 cm.

**17.995,-**



**RAFKNÚIÐ KÆLIBOX**
Mirabelle. 12 V. H: 40 x L: 39 x B: 32 cm. Rúmar 24 x 0,33 l dósir.

**4.295,-**




**EZETIL KÆLIBOX**
Rafknúið hitaeinangrað kælibox á hjólum sem rúmar 37 l.

**22.995,-**



easy camp

**SVEFNPOKI**
Cosmos, svartur. Lengd 210 cm. Opnast báðum megin, sjálfvirkur rennilás. Þolir frost niður í -5°, þyngd 940 g.

**3.995,-**



**EINNOTA GRILL**
Frábært fyrir útileguna eða strandferðina. Tilbúið til notkunar á u.þ.b. 20 mínútum.

**395,-**




weber

**GASHYLKI, 440 G**
Einnota gashylki fyrir Q1000/Q100 og Performer kolagrill með gasuppkveikju.

**1.225,-**



**ÚTILEGUSTÓLL**
Fyrir þau yngstu.

**1.495,-**



**ÚTILEGUSTÓLL MEÐ GLASAHALDARA**
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara, hægt að leggja saman.

**1.995,-**

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 24. júlí til og með miðvikudeginum 30. júlí 2014. Gildir á meðan birgðir endast.

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is




Forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands stefnir á að kemba öll héruð landsins:

# Búinn að taka hundrað viðtöl

**MANNLÍF** „Ég er búinn að taka um hundrað viðtöl," segir Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands, en hann hefur undanfarið ár ferðast landshorna á milli með upptökutækið til að hlaða utan á tónlistararf okkar.

Hann hefur sett þrjátíu viðtöl inn á vefinn ísmús.is. „Þar er til dæmis að finna viðtal við Þorgeir heitinn Þórarinsson sem ég tók í febrúar síðastliðnum en hann féll frá aðeins örfáum vikum síðar," segir Bjarki. Þorgeir, sem sagði frá minningum sínum úr Kelduhverfi, hefði orðið hundrað ára á næsta ári.

„Það var svo magnað með hann að frásögnin rann upp úr honum án eins einasta hikorðs," segir hann. Á vefnum eru einnig viðtöl við Guðríði Guðbrandsdóttur, sem er elsti núlifandi Íslendingurinn, 108 ára að aldri. Bjarki stefnir á að fara í öll héruð landsins. „Ég er búinn með einn fjórða um það bil," segir hann. Hann segist hafa fengið styrki til að standa undir bensínkostnaði og gistingu en að nú sé sá sjóður nánast uppurinn. - jse



**BJARKI SVEINBJÖRNSSON** Forstöðumaðurinn segir skemmtilegt að hlýða á svo fallegt og hnökralaust mál eins og margir viðmælenda hans viðhafa. MYND/TÓMAS STURLUSON



**BÚRFELLSVIRKJUN** Mikill áhugi erlendra aðila er á hreinni orku frá Landsvirkjun til orkufreks iðnaðar hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Orkuskortur stöðvar ekki sæstrenginn út

Fyrirtæki í orkufrekum iðnaði geta ekki gengið að því vísu að fá keypta orku frá Landsvirkjun. Fyrirtækið segir eftirspurn meiri en framboðið. Á sama tíma eru uppi áform um lagningu sæstrengs fyrir umframorku til meginlands Evrópu.

**ORKUMÁL** Hugmyndir Landsvirkjunar um lagningu sæstrengs til meginlands Evrópu gætu verið arðsamar fyrir fyrirtækið þótt raforkuskortur sé á innanlandsmarkaði.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, hefur látið hafa það eftir sér að aðilar geti ekki gengið að því vísu að fá keypta raforku á innanlandsmarkaði. Eftirspurnin sé mikil og því líklegt að einhverjir verði frá að hverfa sem vilja kaupa orku til iðnaðar hér á landi.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun er það framkvæmanlegt að selja raforku í gegnum sæstreng þó að ekki sé hægt að útvega öllum aðilum í orkufrekum iðnaði rafmagn.

Eðli raforkufreks iðnaðar sé slíkt að hann þarf stöðuga orku allan ársins hring. Hins vegar sé hægt að selja ákveðna umframorku í gegnum sæstreng í stuttan tíma í hvert sinn og því er ekki um að ræða stöðugan orkuflutning til meginlands Evrópu. Hægt sé að selja rafmagn út á tímum þegar hægir á raforkunotkun innanlands. Með því væri einnig hægt að keyra vatnsaflsvirkjanir á fullum afköstum síðsumars. Þar með myndu vatnsaflsvirkjanir ekki fara á yfirfall eins og hefur tíðkast. Sú orka sem felst í vatni sem flæðir yfir stíflur yrði því beislað og nýtt til sölu.

Með þessu móti verður nýting þeirrar orku sem til fellur á Íslandi mun betri en verið hefur.

Nú nýlega var fyrirvörum á raforkusamningi Landsvirkjunar við United Silicon í Helguvík aflétt. Um er að ræða verksmiðju sem þarf um 35 megavött. Einnig eru aðrir aðilar með samninga við Landsvirkjun upp á rúmlega 200 megavött. Landsvirkjun hefur samt sem áður enn ekki skuldbundið sig til að útvega þessa orku. Eftirspurnin er því gríðarlega mikil.

Þau fyrirtæki sem hafa óskað eftir kaupum á miklu magni raforku eru nánast öll á suðvesturhorni landsins utan PCC sem verður reist á Bakka við Húsavík. Virkjunarframkvæmdir eru hafnar fyrir þann aðila á Þeistareykjum í Þingeyjarsýslum, sem talið er geta framleitt um 45 megavött til að byrja með en stækkunarmöguleikar þar eru taldir miklir.

Landsvirkjun telur sig eiga raforku til fyrir United Silicon. Hins vegar þurfi að ráðast í frekari virkjanir til þess að eiga rafmagn fyrir þá aðila sem hafa óskað eftir kaupum samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun.

Í ávarpi Harðar Arnarsonar á ársfundi Landsvirkjunar í apríl 2012 kom fram að aukna orkuvinnslu megi nýta til að byggja áfram upp fjölbreyttan iðnað og samhliða til að selja raforku um sæstreng til Evrópu. Íslensk raforkuframleiðsla eigi sér nokkra sérstöðu á meðal þjóða Evrópu í möguleikum á aukinni raforkuvinnslu með endurnýjanlegri orku.

Landsvirkjun stefnir að því að lokið verði við að afla forsendna og vinna hagkvæmniathuganir á árinu 2015. sveinn@frettabladid.is



→ Í ávarpi Harðar Arnarsonar á ársfundi Landsvirkjunar í apríl 2012 kom fram að aukna orkuvinnslu megi nýta til að byggja áfram upp fjölbreyttan iðnað og samhliða til að selja raforku um sæstreng til Evrópu.

### → Skýrsla ráðgjafarhóps um sæstreng til Evrópu

Samkvæmt skýrslu ráðgjafahóps atvinnuvegaráðuneytisins sem kom út í júní í fyrra er ekki talið hægt að fullyrða um þjóðhagslega hagkvæmni lagningar sæstrengs.

Annars segir í niðurstöðum að „tenging raforkumarkaða leiðir, alla jafna, til hagkvæmari vinnslu og dreifingar orku en ella. Helstu ástæður þessa eru að tengingar geta leitt til frestunar á fjárfestingu í vinnslu, minni þarfar fyrir varaafl, betri nýtingar raforku og minni kostnaðar við stjórnun kerfisins."




# Þökkum fyrir frábært Símamót

siminn.is

**Síminn þakkar fyrir ógleymanlega fótboltahelgi**

Þrítugasta Símamótið í knattspyrnu var haldið í Kópavogi 17. – 20. júlí síðastliðinn. Þetta glæsilega stelpumót vex og eflist með hverju árinu en keppendur voru nú 1914 talsins sem sýnir vöxtinn í íslenskri kvennaknattspyrnu. Saman gerðu stelpurnar, þjálfarar þeirra, liðstjórar, dómarar, vallarstarfsmenn og sjálfboðaliðar helgina ógleymanlega.

Auk þess skemmtu foreldrar og aðrir áhorfendur sér konunglega, ef marka mátti stemninguna á hliðarlínunni.

Hlökkum til að sjá þig á næsta ári!

Starfsfólk Símans




ENNEMM / NM63712

# SKOÐUN

Beita á meðulum sem virka gegn yfirgangi Ísraels.

## Reiði nauðgarinn

Utanríkisráðherra gerir vel í að veita tólf milljónir króna til hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna á Gasa auk þess að hafa áður fordæmt beitingu vopna á svæðinu og árétað ólögmæti landtöku Ísraelsmanna og aðskilnaðarmúrsins sem þeir hafa reist.

Spurningin um hvort nóg sé að gert hlýtur samt að vakna. Með einhverju móti þarf að stöðva ofríki Ísraels og brot á alþjóðalögum sem viðgengist hafa árum saman. Nýjustu árásir á Gasa mættu gjarnan vera kornið sem fyllir mælinn hjá ríkjum heims.



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Varaformaður Samfylkingarinnar hefur síðustu daga talað fyrir því að slíta stjórnmálasamstarfi við Ísrael og formaður Vinstri grænna hefur í samtali við RÚV sagt nauðsynlegt að skoða hvort til greina komi að fara þá leið.

Utanríkisráðherra hefur hins vegar sagst andvígur sambandsslitum. Vænlegra sé til árangurs að halda opnum diplómatískum leiðum og tala sig að lausn deilumála.

Sú leið hefur hins vegar verið reynd í rúm fjörutíu ár án árangurs, nema að Ísraelsmenn hafa á meðan sölsað undir sig enn meira land og þrengt enn frekar að íbúum Palestínu með hvers konar ofbeldi.

Formaður félagsins Zion Vinir Ísraels fékk á Bylgjunni í gærmorgun að úttala sig um eigið álit á ástandinu fyrir botni Miðjarðarhafs og hvar þar væri helst pottur brotinn. Ekki þarf að koma á óvart að hann hallaðist í tali sínu á sveif með Ísraelsmönnum og taldi helstu ógn við frið á svæðinu vera komna frá Hamas-samtökunum.

Ísraelsmenn og talsmenn þeirra hafa enda löngum verið duglegir að kenna öllum öðrum um til að réttlæta stríðsglæpi sína og brot á alþjóðalögum. Engu betur gekk nefnilega að koma á friði á svæðinu áður en Hamas var kosið til valda í Palestínu.

Stundum virðist gleymast að það er Ísrael sem fer fram með ófriði og hefur hernumið lönd í kringum sig. Ekki öfugt.

Þá er rammskökk mynd dregin upp af aðstæðum með því að láta sem jafningjar stríði. Ef maður ætti að persónugera ástandið þá mætti líkja Ísraelsríki við nauðgara sem réttlætir það að berja fórnarlamb sitt í hel með því að það hafi reynt að verja hendur sínar.

Til stendur að utanríkismálanefnd komi saman núna í vikulokin til að ræða árásir Ísraelshers á Gasa. Óskandi væri að niðurstaða þeirra viðræðna yrði ákvörðun um aðgerðir sem eftir væri tekið á alþjóðavettvangi og hvetti önnur ríki til dáða við að stöðva ofbeldisverk og ofríki Ísraelsmanna í Palestínu. Innlegg í þá umræðu gæti verið að Síle hefur nýverið, í ljósi síðustu atburða á Gasa, gert hlé á fríverslunarviðræðum við Ísrael. Hér mætti til dæmis fara þá leið Suður-Afríku að láta sérmerkja innflutning frá hernumdum svæðum í Palestínu.

Sagan sýnir að aðgerða er þörf. Friðarviðræður án þrýstings alþjóðasamfélagsins gera ekki annað en að framlengja núverandi ástand og veita Ísraelsmönnum skjól til áframhaldandi ofbeldisverka og landtöku.

Krafan er um að Ísrael hlíti alþjóðalögum og skili aftur hernumdum svæðum. Sú krafa getur ekki talist ósanngjörn. Á grundvelli landamæra frá því fyrir Sex daga stríðið 1967 má svo reyna að koma á friði sem heldur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

OFURTILBOÐ Í EINA VIKU!

HLAUPTU KAUPTU!



AEG

**L-62470FL Þvottavél**

Vinsæl heimilisvél frá AEG, hlaðin þægindum og nútíma tækni.

- **1400 snúninga** stillanlegur vinduhraði
- **14 þvottakerfi** þ.á.m. **30 mínútna hraðkerfi**, ullarkerfi og handþvottur.
- 0-19 klst **framstillt ræsing.**
- **TimeSave** - sparar allt að 60% tíma.
- **ProTex tromla** - verndar fötin fyrir sliti
- **A+++/A/B** orkunýtni, þvottagæði og vinda
- Fullt verð kr. **139.900.**

Rafha ehf

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík

Sími 5880500 **www.rafha.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stjórnmálaslit eru röng skilaboð

Utanríkisráðherra Íslands, Gunnar Bragi Sveinsson, hefur komið mörgum á óvart nú þegar kallað hefur verið eftir viðbrögðum hans við árásum Ísraelshers á Gasasvæðið. Gunnar Bragi hefur fordæmt allt ofbeldi og beitingu vopnavalds á svæðinu og segir það skýlausa kröfu að ísraelsk stjórnvöld hætti árásum. Jafnframt hefur hann ákveðið að veita tólf milljónir til stofnana Sameinuðu þjóðanna sem starfa við aðstoð á svæðinu. Það bjuggust fáir við slíkum kjarki frá Gunnari en þar með talar hann þvert á þjóðarleiðtogana Barack Obama og David Cameron.



Gunnar Bragi vill hins vegar ekki svara kalli þeirra tæplega fimm þúsund Íslendinga sem hafa skrifað undir áskorun þess efnis að íslensk stjórnvöld slíti stjórnmálasambandi við Ísrael. Í samtali við RÚV segir hann það röng skilaboð að einangra eitt ríki með þeim hætti. Hann bendir jafnframt á að síðasta ríkisstjórn hafi haft tækifæri til þess að slíta stjórnmálasambandi án þess að hafa látið af því verða. Gunnar ætti samt að fara varlega í slíkar yfirlýsingar. Það er ekki einum bót þó að annar sé verri.

### Finnst rétt að skoða slit betur

Katrín Jakobsdóttir var ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem Gunnar Bragi bendir réttilega á að hafi haft tækifæri til að slíta stjórnmálasamstarfi. Raunar hafði stjórnin mjög góða ástæðu til að slíta stjórnmálasambandi þegar upp úr sauð á Gasasvæðinu árið 2012. Það var þó ekki gert.



Katrín skrifar pistil á bloggsíðu sína í gær þar sem hún segir að ef ekkert lát verði á ofbeldisverkum Ísraels og almenn mannréttindi verði enn brotin þá hljóti sú spurning að vakna hvort rétt sé að slíta stjórnmálasambandi við ríkið.

Stjórnvöld í Ísrael hafa brotið mannréttindi með einum og öðrum hætti á Gasasvæðinu um margra ára skeið. Flokkshestarnir í Ungum vinstri grænum hafa jafnframt ályktað um stjórnmálaslit ótal sinnum. Stóra spurningin hlýtur því að vera hvers vegna síðasta ríkisstjórn sleit ekki sambandinu ef vilji var fyrir því innan hennar.

snaeros@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Fyrirgefning í stað hefndar

UTANRÍKISMÁL



**Elín Hirst**

alþingismaður

Óhugnanlegri atburðir eiga sér nú stað fyrir botni Miðjarðarhafs en orð fá lýst. Mörg hundruð óbreyttir borgarar hafa látist, flestir Palestínumenn, þar á meðal fjöldi saklausra barna. Kveikja átakanna er eins og oft áður hefnd. Í þetta sinn vegna morða á þremur ísraelskum ungmennum í júnímánuði.

Þessir atburðir hafa haft sterk áhrif á íslenska þjóðarsál. Flest erum við þannig af guði gerð að við viljum hjálpa og koma góðu til leiðar, en upplifum okkur eðlilega vanmáttug í harðvítugum milliríkjadeilum eins og þessari. Er það nokkuð skrítið þegar John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, mistekst að miðla málum og Bandaríkjamenn sem og önnur stórveldi standa ráðþrota vegna deilunnar.

Árið 2011 urðu Íslendingar fyrstir vestrænna ríkja til að viðurkenna sjálfstæði Palestínuríkis. Þar kvað við nýjan tón á Vesturlöndum í stuðningi við þetta undirokaða ríki sem vert er að vera stoltur af. Íslensk stjórnvöld hafa einnig brugðist hart við þeim átökum sem nú geisa. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur lýst þungum áhyggjum af átökunum og harmað að almennir borgarar, þar á meðal fjöldi barna, hafi látið lífið í árásum Ísraela á Gasa. Hann fordæmir allt ofbeldi og beitingu vopnavalds á svæðinu.

**➜ Flest erum við þannig af guði gerð að við viljum hjálpa og koma góðu til leiðar…**

Það sé skýlaus krafa að ísraelsk stjórnvöld stöðvi árásir sínar á Gasa sem hafa leitt til mikilla hörmunga fyrir almenna borgara. Að sama skapi verði árásum á Ísrael að linna þegar í stað.

Nýjustu fregnir eru að íslensk stjórnvöld ætli að verja tólf milljónum króna til neyðaraðstoðar á Gasa, en yfir 100 þúsund íbúa á svæðinu eru á vergangi og mikill skortur er á hjálpargögnum og hreinlætisaðstöðu. Þá hefur verið boðað til aukafundar í utanríkismálanefnd Alþingis og er það von mín að nefndin sendi frá sér harðorða yfirlýsingu vegna þessa máls á næstu dögum. Við það tækifæri ættu þingmenn að slá nýjan tón alveg eins og þegar Ísland varð fyrst vestrænna ríkja til að viðurkenna sjálfstæði Palestínu með því að hvetja Ísraelsmenn og Palestínumenn til þess að fara leið Nelsons Mandela í Suður-Afríku; að skapa frið með fyrirgefningu í stað hefndar. Það er eina færa leiðin.

Ég hvet alla sem vettlingi geta valdið til að mæta á Ingólfstorg í dag klukkan 17 til þess að sýna samstöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Mistæk menntun

MENNTAMÁL



Kristján G. Arngrímsson
framhaldsskólakennari

Menntun kennara á Íslandi er ábótavant. Það skýrir að einhverju leyti dapurlega niðurstöðu í skýrslu sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið um stærðfræðikennslu. Megingallinn við núverandi fyrirkomulag menntunar kennara er sá að hún miðast ekki við það sem kennaranemarnir koma raunverulega til með að þurfa að gera þegar þeir hefja störf í grunn- og framhaldsskólum, heldur miðast menntun þeirra fyrst og fremst við hagsmuni, sérþekkingu og viðhorf þeirra sem kenna þeim – þ.e. háskólakennaranna. Spurningin er hvort ekki skorti á að kennslufræðikennarar landsins hafi sérþekkingu á og jákvætt viðhorf til stærðfræðimenntunar.

Ég var fyrir tveimur eða þremur árum við nám á menntavísindasviði HÍ, og það var óskemmtileg reynsla. Samhliða náminu var ég kennari í framhaldsskóla (sem ég er enn) og það var sláandi hversu fjarlægur veruleiki kennarastarfsins var veruleika kennaranámsins. Stundum fannst mér eins og að fræðin sem ég var að lesa til að verða menntaður kennari kæmu hinu áþreifanlega starfi ekkert við.

Í ljósi þessa var ekki undarlegt að ég og margir samnemendur mínir litum í rauninni ekki svo á að við værum að sækja okkur menntun (þekkingu og færni) heldur vorum við fyrst og fremst að þessu til að fá leyfisbréfið og mega fara að sinna því sem máli skiptir – kennslunni.

Sem dæmi um hversu fjarlægur veruleiki réttindanámsins er hinu eiginlega kennslustarfi má nefna að í einni af kennslubókunum sem við áttum að nota – og afla okkur þekkingar úr, væntanlega – var talað um hinar ýmsu kennsluaðferðir, þar á meðal að nota skyggnur við kennslu. Og svo var stuttur kafli um að netið mætti alveg nota til gagns við kennslu. Ég er ekki viss um að allir samnemendur mínir hafi vitað hvað skyggnur eru, og svo mikið er víst að nemendur mínir hafa ekki hugmynd um það.

Og skólinn sem ég kenni við (Menntaskóli Borgarfjarðar) gerir ráð fyrir að allir nemendur noti tölvur og netið til að vinna og skila verkefnum. Og MB er alls ekki eini skólinn sem svo háttar um, flestir framhaldsskólar starfa raunverulega með þessum hætti, það ég best veit.

**Vendikennsla**

Annað dæmi má nefna. Núna er vendikennsla eitt það nýjasta í kennslufræðum og flestir á þeirri skoðun að hefðbundnir fyrirlestrar séu gagnslaus kennsluaðferð. Ef ég man rétt var eitthvað minnst á þetta í kennslunni á menntavísindasviðinu, og haldnir yfir okkur fyrirlestrar um það hvað fyrirlestrar væru vonlaus kennsluaðferð. Enda sátu nemendurnir, kennaraefnin, flest í salnum og skoðuðu Facebook á meðan. Eða horfðu á myndbönd á YouTube.

Hvað veldur því að kennsla í kennslufræðum hefur úrelst svona og fjarlægst veruleika kennarastarfsins? Að sumu leyti má finna svarið í hugtakinu „kennslufræði“. Áherslan er of mikil á fræðilega umfjöllun á kostnað hagnýtrar kennslu. Þessu til viðbótar má nefna, að þau fræði sem nemendum menntavísindasviðs eru kynnt virðast vera stöðnuð, sbr. kennslubókina sem ég nefndi hér að ofan.

**➜ Miða þarf meira við veruleika og þarfir nemenda hinna verðandi kennara.**

Síðast en ekki síst þykir kennsla ekki fínt starf í háskóla og bætir ekki laun háskólafólks. Fræðilegar rannsóknir eru það sem allt snýst um og það sem hækkar launin. Með því að birta svo og svo mikið af fræðilegum skrifum geta háskólakennarar hækkað í launum og því kannski eðlilegt að þeir vilji heldur sinna rannsóknum en kennslu. (Og jafnvel hætta á að þeir hugsi frekar um magn birtra fræðaskrifa en raunverulegt, fræðilegt vægi þeirra).

En þessar fræðilegu rannsóknir koma kennaranemum því miður að litlum notum. Þess vegna er hætt við að þeir sitji og bíði, og stytti sér stundir á Facebook og YouTube, á meðan „spekingurinn á sviðinu“ heldur langan fyrirlestur um niðurstöður rannsókna sinna (eða annarra sem hann er sammála). Til lengdar bíða nemendurnir einfaldlega eftir því að fá leyfisbréfið. Það blasir við að þetta hugarfar er ekki gott fyrir móralinn, en þarna er ekki við nemendurna að sakast, heldur frekar kennslustofnunina.

Miða þarf meira við veruleika og þarfir nemenda hinna verðandi kennara, en ekki við fræðilegar áherslur og rannsóknir kennslufræðinganna. Bætt kennaramenntun fæst ekki með því að finna betri og „réttari“ kennslufræðikenningu, heldur með því að leggja meiri áherslu á hagnýta nálgun sem tekur mið af þeim veruleika sem kennaraefnin koma til með að mæta í starfi. Með þessum hætti væri hægt að gera kennaranámið merkingarbærara og betra.

# Bændur stuðla að lágu matvöruverði

LANDBÚNAÐUR



Hörður Harðarson
formaður Félags svínabænda

Rétt er að vekja athygli á niðurstöðu nýrrar könnunar Eurostat um matvælaverð í Evrópu. Hún er að Íslendingar njóta lægsta matvöruverðsins á Norðurlöndunum og hefur það lækkað nokkuð hin síðustu ár. Ein helsta ástæða þessa er að verð á landbúnaðarafurðum á Íslandi hefur eftir hrun haldist lágt í samanburði við önnur lönd. Staðreyndin er nefnilega sú að verð á íslenskum landbúnaðarafurðum hefur hækkað minna en aðrar vörur heimilisins og meira að segja vegið upp verðhækkanir á innfluttum vörum sem hækkuðu mjög eftir gengisfall krónunnar. Því má segja að íslenskir bændur leggi sitt af mörkum við að halda niðri verðlagi á matvörum á Íslandi.

En betur má ef duga skal. Íslenskir neytendur vilja lægra matvöruverð og þrátt fyrir jákvæðan samanburð við önnur norræn ríki er það um 20 prósentum yfir meðaltali innan Evrópu. Það liggur fyrir að hátt matvöruverð er ekki á ábyrgð íslenskra bænda heldur þvert á móti. En hvar liggur þá ábyrgðin?

Haustið 2012 kynntu fulltrúar alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey & Company viðamikla úttekt á hagvaxtarmöguleikum Íslands. Á meðal þess sem McKinsey bendir á eru leiðir til að lækka vöruverð á Íslandi. Fyrirtækið komst að því að á Íslandi, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, fara miklu fleiri fermetrar undir verslun en annars staðar á Norðurlöndum.

**➜ Hér á landi er því of mikið fjármagn bundið í verslunarhúsnæði.**

**Lengri afgreiðslutími**

Jafnframt tóku erlendu sérfræðingarnir eftir því að afgreiðslutími verslana hér á landi er miklu lengri en hjá nágrönnum okkar. Hér á landi er því of mikið fjármagn bundið í verslunarhúsnæði og of miklu rekstrarfé varið til þess að halda úti allt of löngum afgreiðslutímum. Þessar einföldu staðreyndir sýna að hægt er að hagræða verulega hjá verslunum á Íslandi íslenskum neytendum til hagsbóta. Undirritaður er í það minnsta sannfærður um að þótt það komi eflaust fyrir að það sé heppilegt að geta skotist í næsta stórmarkað á nóttunni að versla í matinn kjósi neytendur lægra vöruverð fram yfir slíka þjónustu.

Það er eðlilegt að forsvarsmenn verslunarinnar í landinu greini frá því hvernig brugðist hefur verið við þessum ábendingum McKinsey og hvort íslenskir neytendur megi búast við lægra vöruverði. Ef verslunin heldur rétt á sínum málum gætum við Íslendingar kannski farið að bera matvöruverð okkar saman við meðaltalið í Evrópu fremur en á Norðurlöndunum. Væntanlega eru allir sammála um að ekki sé ástæða til að innkaup heimilanna í landinu séu óhagstæð vegna offjárfestingar í verslunarhúsnæði og óeðlilegs afgreiðslutíma.





HINIR ELTA HJÖRÐINA

Viltu eiga alveg eins bíl og nágranninn? Finnst þér gaman að villast á bílum á bílastæðinu í Kringlunni? Hélt ekki. Juke fer sínar eigin leiðir, hinir elta hjörðina.

Verð 3.490 þús. kr. dísil, bsk.

- Fjarstýring fyrir útvarp og síma í stýri
- USB og AUX tengi fyrir hljómtæki
- Bluetooth símsvörunarbúnaður
- Aksturstölva
- Loftkæling
- Hiti í sætum
- 17” álfelgur
- Stöðugleikastýring
- 8 loftpúðar - 6 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (Cruise Control)

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbær
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Fjalla GRILL forkryddað lambakjöt

**1398** kr. kg
Lamba Sirloinsneiðar

EINGÖNGU MIÐLÆRISNEIÐAR
**2198** kr. kg
Lambalærisneiðar 1. flokkur

**1698** kr. kg
Blandaðar lambalærisneiðar

**243** kr.770g
Myllu heimilisbrauð 770g
30% AFSLÁTTUR
Verð áður 347 kr.

NÝ UPPSKERA
**169** kr. kg.
Danskar Premium.
Kartöflur í lausu

**298** kr. kg
Nektarínur 1 kg. box

**298** kr. kg
Plómur 1 kg. box

**298** kr. kg
NÝIR ÍSLENSKIR
Kirsuberjatómatar

Góu þrennan PRINS-ÆÐI-HRAUN BITAR
**579** kr. 3 x 200g

BISCUITS WITH MILK CHOCOLATE
BISCUITS WITH DARK CHOCOLATE
**159** kr. 125g

**198** kr. 1.5 ltr.

**498** KR.KG
Rauð paprika frá Hollandi

**79** kr. 330ml

**75** kr. 330ml

12 GRÆNIR & 12 VANILLU ÍSPINNAR Í KASSA AÐEINS 29 KR.STK
**698** 24 STK.

**279** kr. 250ml

**398** kr 125g
Bónus Lambhagablanda

AFGREIÐSLUTIMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskt kjöt á góðu verði í Bónus



1995 kr. kg

SÉRSKORIÐ KRYDDAÐ FERSKT LAMBALÆRI


1459 kr. kg


3598 kr. kg
Ferskt ókryddað lambafillet


759 kr. kg

SÉRSKORIÐ FERSKT


1459 kr. kg

Bónus sérskorið lambalæri: þá er efsti hluti mjaðmabeins og rófubein skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!


1898 kr. kg.
SS Frosnar lambakótilettur


1398 kr. kg
BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur


1398 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ


1198 krónur kg.
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR



1198 kr. kg.
Bónus BBQ grill grísakótilettur



898 kr. kg.
Bónus Grill grísabógsneiðar


1198 krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ

## Nýtt íslenskt grísakjöt af nýslátruðu


698 KR.KG
ÍSLANDSGRÍS Ferskt grísahakk

ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans


1098 KR.KG
ÍSLANDSGRÍS Ferskar úrb. grísahnakkasneiðar


1098 KR.KG


998 KR.KG
ÍSLANDSGRÍS Ferskar


1098 KR.KG
ÍSLANDSGRÍS Ferskt grísasnitsel

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

## MERKISATBURÐIR

**1183** Sturla Þórðarson í Hvammi í Dölum lést, 58 ára. Hann var mikill höfðingi, ættfaðir Sturlunganna.

**1808** Skipið Salomine, enskt skip með 20 fallbyssur, kom til Reykjavíkur og rændi fjárhirslu landsins.

**1885** Ulysses S. Grant, 18. forseti Bandaríkjanna, lést.

**1986** Andrés prins, hertogi af York, gekk að eiga Söru Ferguson í Westminster Abbey.

**2009** Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra Íslands, lagði formlega fram aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

# Fyrstu bifreiðalögin hundrað ára í júlí

**Fyrir fyrstu bifreiðalögin var hámarkshraði í Reykjavík hratt brokk og engir voru bifreiðakennarar. Ökukennarar fagna nú hundrað ára afmæli starfsheitisins og bifreiðalaga.**

„Það var kveðið á um umferð í lögreglusamþykktum. Þá var bannað að fara hraðar um götur Reykjavíkur en á hröðu brokki," segir Snorri Bjarnason, ökukennari til fjörutíu ára, hlæjandi um lagaumhverfið áður en fyrstu íslensku bifreiðalögin voru sett. Þau voru sett árið 1914 og fagna hundrað ára afmæli nú í lok júlí.

Fyrsti bíllinn, oftast kallaður Thomsenbíllinn, kom til landsins árið 1904. Þá giltu engin bifreiðalög. Snorri segir bílinn hafa verið afllítinn.

„Hann var svo kraftlaus að það þurfti að ýta honum upp Bankastrætið." Ditlev Thomsen kaupmaður, sem flutti inn bílinn, réð sérstaklega bílstjóra til að aka bifreiðinni. Sá þurfti að sækja sérstakt námskeið erlendis áður en bifreiðin var flutt til landsins til að geta ekið henni. Hugtakið bifreiðakennari varð nefnilega fyrst til á Íslandi með tilkomu laganna. Það hefur síðan breyst í tímans rás og orðið að starfsheitinu ökukennari.

Þegar bílum fór að fjölga í kjölfarið varð þörfin fyrir formlega lagasetningu öllum ljós. „Það var farið að reyna á ýmislegt í sambandi við þetta. Það þurfti að setja reglur um forgang, hraða og varúð. Nefndu það," útskýrir Snorri. „Menn hafa gert sér grein fyrir því að þegar það koma svona tæki, sem eru þung, hafa mikið afl og fara á ákveðnum hraða þá náttúrulega þarf að setja mönnum einhverjar skorður."

Lögin kváðu á um hámarkshraða í þéttbýli sem mátti aldrei vera meiri en 15 kílómetrar á klukkustund. Í dreifbýli var leyfilegt að keyra á allt að 35 kílómetrum á klukkustund. Nú er leyfilegur hámarkshraði í þéttbýli 50 kílómetrar á klukkustund og bara af því ljóst að margt hefur breyst.

Nú eru í gildi umferðarlög frá árinu 1987. „Lögin hafa þróast heilmikið," segir Snorri. „Hugsunin í þeim hefur breyst."

„Á fyrstu árunum hefur kannski áherslan eða fókusinn verið lagður meira á bílinn en umferðina en þegar umferðin verður flóknari og ökutækjum fjölgar þá þarf að setja fókusinn meira á hegðunina í umferðinni og samspil við reglurnar," útskýrir Snorri. Það kalli á að vanda hlutina og leggja áherslu á umferðarkennslu.

Samkvæmt reglugerð sem sett var ári eftir að lögin tóku gildi þurfti ökuskírteini til þess að aka bifreið í höfuðborginni. Fyrsta árið urðu bílstjórarnir 12 en þeim hefur farið ört fjölgandi síðan. Bílprófsaldur var fyrst um sinn 21 árs en hann er nú 17 ára.

nanna@frettabladid.is




**TÖFF** Snorri hefur vakið athygli fyrir nýstárlega númera plötu sem á stendur töff. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**BRAUTRYÐJANDI** Thomsen-bíllinn var fyrsta bifreiðin sem kom til Íslands árið 1904. Tuttugu og sex árum síðar voru bifreiðar orðnar 1.434 talsins á landinu.

---



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

**GÍSLA HÓLMS JÓNSSONAR.**

Starfsfólki sjúkradeildar HSS í Víðihlíð þökkum við góða og alúðlega umönnun.

**Ester Gísladóttir**
**Haraldur Gíslason**
**Ágústa H. Gísladóttir** — **Hafsteinn Sæmundsson**
**Margrét R. Gísladóttir** — **Gunnar E. Vilbergsson**
**Sigríður J. Gísladóttir** — **Þórarinn Guðmundsson**
**Páll Gíslason** — **Ásta Jóhannesdóttir**
**Inga Fríða Gísladóttir** — **Óttar Hjartarson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Yndisleg dóttir okkar, systir og barnabarn,

**ÁSTA STEFÁNSDÓTTIR**
**lögfræðingur í Reykjavík,**

fannst látin í Bleiksárgljúfri í Fljótshlíð þann 15. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 25. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ástusjóð sem vinir hennar munu stofna 25. júlí til minningar um hana. Sjóðurinn verður notaður til að styrkja björgunarsveitirnar og vinna að hugðarefnum Ástu. Upplýsingar um sjóðinn má sjá á næstu dögum á www.astusjodur.is.

**Inga Þórsdóttir** — **Stefán Einarsson**
**Þór Stefánsson**
**Kolbeinn Stefánsson**
**Ásta Kristjánsdóttir**
**Ragnhildur Helgadóttir** — **Þór Vilhjálmsson**

---



Ástkær eiginkona mín, dóttir, systir og mágkona,

**ÁSTRÍÐUR HAFDÍS GUÐLAUGSDÓTTIR GINSBERG**
**til heimilis að Dvergholti 25, Hafnarfirði,**

sem lést 16. júlí, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni á morgun, fimmtudaginn 24. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Heinz Dieter Ginsberg**
**Guðrún Jónsdóttir**
**Hilmar Guðlaugsson** — **Jóna Steinsdóttir**
**Kristín Guðlaugsdóttir** — **Aðalheiður Birna Gunnarsdóttir**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**SVEINBJÖRNS VIGFÚSSONAR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar í Kópavogi, heimahlynningar Landspítalans og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir góða umönnun og alúð.

**Guðbjörg Baldursdóttir**
**Baldur Sveinbjörnsson**
**Huld Sveinbjörnsdóttir**
**Vigfús Þór Sveinbjörnsson** — **Aðalheiður Vigfúsdóttir**
**Guðbjörg Lind og Svala**

---


LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is


---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HILMAR ARASON**
**Skógarbraut 1106, Reykjanesbæ,**

lést sunnudaginn 13. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 25. júlí kl 13.00.

**Brynja Hilmarsdóttir** — **Anthony D´Onofrio**
**Karen Hilmarsdóttir** — **Einar Hafsteinn Árnason**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR STEFÁNSDÓTTIR**
**Bræðratungu, Biskupstungum,**

verður jarðsungin frá Skálholtskirkju föstudaginn 25. júlí kl. 14.00. Blóm vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Bræðratungukirkju, kt. 490169-0409 banki 0151-15-370126.

**Guðrún Sveinsdóttir** — **Þorsteinn Þórarinsson**
**Skúli Sveinsson** — **Þórdís Sigfúsdóttir**
**Kjartan Sveinsson** — **Guðrún S. Magnúsdóttir**
**Stefán Sveinsson** — **Sigrún Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæra

**GYÐA KRISTÓFERSDÓTTIR**
**Maríubakka 16, Reykjavík,**

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 15. júlí, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 24. júlí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð.

**Melkorka Ýr Jóhannsdóttir**
**Alda Guðmundsdóttir** — **Kristófer Valgeir Stefánsson**
**Stefán Kristófersson** — **Katrín Svava Jónsdóttir**
**Kolbrún Alda Stefánsdóttir**
**Jón Valgeir Stefánsson**

---



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,**

sem lést á krabbameinsdeild Landspítala háskólasjúkrahúss föstudaginn 18. júlí, verður jarðsungin frá Digraneskirkju, Kópavogi, föstudaginn 25. júlí kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild LHS Kópavogi.

**Stefán Stefánsson** — **Erna Valdimarsdóttir**
**Anna Guðmunda Stefánsdóttir**
**Valsteinn Stefánsson** — **Auðbjörg J. Sigurðardóttir**
**Lára Stefánsdóttir** — **Sigurður Einar Jóhannesson**
**Ingvar Stefánsson** — **Birna Höskuldsdóttir**
**Þórunn Freyja Stefánsdóttir** — **Halldór Árni Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og mágur,

**AXEL PÁLMASON**
**hagfræðingur hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum,**

lést á George Washington-háskólasjúkrahúsinu í Washington 10. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 24. júlí kl. 13.00.

**Tammy Jean Ganey**
**Elsa Sandra Axelsdóttir**
**Charles Pálmi Axelsson**
**Elsa Þórhildur Axelsdóttir**
**Helga Jóna Pálmadóttir** — **Sveinn Aðalsteinsson**
**Gissur Pálmason**
**Davíð Pálmason** — **Svava Guðjónsdóttir**
**Óli Pétur Pálmason** — **Jóna María Ásmundsdóttir**
**Þorbjörg Pálmadóttir** — **Andrés Ívarsson**
**Pálína Pálmadóttir** — **Ingólfur Pétursson**
**og fjölskyldur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.



## DRANGAR Á AKUREYRI

**Hljómsveitin Drangar verður með tónleika í Græna hattinum á Akureyri annað kvöld kl. 21. Búast má við fjörlegum tónleikum en það eru þeir Mugison eða Örn Elías Guðmundsson, Jónas Sig og Ómar Guðjónsson sem eru í þessu snilldarbandi.**

# TIGER BALSAM HEFUR ALVEG BJARGAÐ MÉR

**BALSAM KYNNIR** *Ingvar Þór Gylfason, verkfræðingur og crossfit-þjálfari, hyggst keppa á sínu fyrsta móti aftur og byggir sumarbústað í Grímsnesi.*

Ingvar Þór Gylfason, crossfit-þjálfari og verkfræðingur, lifir athafnasömu lífi og þekkir vel hvernig álag getur farið með líkamann. Hann hefur stundað íþróttir frá unga aldri en hefur átt við meiðsli að stríða síðastliðin tvö ár. „Ég kynntist crossfit í byrjun árs 2010 og alveg kolféll fyrir því. Síðan þá hef ég tekið þátt í mörgum þrekmótum og hlaupið tvö maraþon. Þrátt fyrir að hafa æft af kappi hef ég ekki getað keppt á neinu móti síðustu tvö árin sökum meiðsla í olnboga. Ég hafði prófað allt áður, en byrjaði að nota Tiger Balsam-hitasmyrsl sem hefur alveg bjargað mér með harðsperrur og verki eftir æfingar. Olnboginn er allur að koma til og ég er eins og nýr maður. Ég sé loksins fram á að geta keppt aftur á næstunni."

**TIGER BALSAM EINS OG GÓÐ NUDDMEÐFERÐ**

Ingvar starfar við hugbúnaðarþróun hjá LS Retail og samhliða því byggir hann sumarhús í Grímsnesinu. „Það er fátt skemmtilegra en að komast í hressilega útivinnu í bland við heilabrotin. Það gefur augaleið að mikil seta við skrifborðið, crossfit-æfingar og húsasmíði setja töluvert álag á líkamann og lykilatriði er að hugsa vel um hann. Mér finnst fátt betra en að koma heim úr sveitinni og bera á mig Tiger Balsam. Þetta er eins og góð nuddmeðferð í krukku," segir Ingvar og brosir.



**MÆLIR MEÐ** Ingvar Þór Gylfason, verkfræðingur og crossfit-þjálfari, mælir eindregið með Tiger Balsam.

# TIGER BALSAM VIRKAR Á VERKI

Tiger Balsam er hundrað prósent náttúrulegt hitasmyrsl sem á rætur sínar að rekja til Kína til forna og er í dag vel þekkt um allan heim fyrir ótrúlegan lækningamátt. Tiger Balsam er unnið úr náttúrulegri jurtablöndu sem aldagömul reynsla hefur sýnt að er bæði traust og árangursrík.

**100 ÁRA SAGA Í 100 LÖNDUM**

- Háls- og axlaverkir, bakverkir, liðverkir, vöðvabólgur, hausverkir og hósti, kvef og nefstíflur.
- Linar verki nánast samstundis.
- Mjög áhrifaríkt í vetrarkuldanum.
- Öflug lausn fyrir íþróttafólk og aðra sem lifa athafnasömu lífi.
- Upphitun – eykur blóðrás og því virkilega gott til að mýkja upp vöðva fyrir æfingar af öllu tagi.
- Vinnur gríðarlega vel á harðsperrum.




Tiger Balsam er 100 prósent náttúrulegt og inniheldur engin kemísk efni. Veldur engu áreiti á húð eða höndum og er auðvelt að bera á og þvo af sér.

## UPPLÝSINGAR

**Tiger Balsam er fáanlegt í fjölda apóteka um land allt og heilsuhillum Hagkaups, Heilsuvers, Fjarðarkaups og Heimkaupa. Frekari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Tiger Balsam www.facebook.com/TigerBalsamIceland**


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

SÓFAR
Í ÖLLUM STÆRÐUM

frá 233.730 kr.
Verð áður 333.900 kr.

30% AFSLÁTTUR
af öllum sófum / sófasettum
*Í VÖLDUM ÁKLÆÐUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Texas
Verðdæmi:
3ja sæta frá 144.130kr. verð áður 205.900
Sófasett 3+1+1 frá 300.230kr. verð áður 528.066

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Torino
Verðdæmi:
Tungusófar 2+tunga frá 180.530kr. verð áður 257.900
Hornsófar 2H2 frá 233.730kr. verð áður 333.900
Sófasett 3+1+1 frá 260.330kr. verð áður 371.900

Basel
frá 127.330 kr.
Verð áður 181.00 kr.

Dallas
frá 199.430 kr.
Verð áður 284.900 kr.

Verið velkomin í heimsókn!
Opið virka daga kl.10-18

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

SONOS
FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Spotify · Google play

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS










Sumar 23 1. - 13. september

Sumarævintýri á Korsíku

Stórfengleg fegurð og kyngimagnaðir fjallgarðar heilla alla í glæsilegri ferð til frönsku eyjunnar Korsíku í Miðjarðarhafinu. Litríkir bæir verða á leið okkar, granítklettar, fallegar strandir og ræktuð lönd. Ferðin endar í höfuðstað Tíról, Innsbruck.

Verð: 327.700 kr. á mann í tvíbýli.

Mjög mikið innifalið!

Fararstjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir



Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790

bokun@baendaferdir.is

Síðumúla 2, 108 Reykjavík

ferðaþjónusta bænda

BÆNDAFERÐIR

MICKEY THOMPSON

PERFORMANCE M/T TIRES & WHEELS

ALL BAJA MTZ RADIALS FEATURES POWERPLY TECHNOLOGY

JEPPADEKK

Hið heimsþekkta merki **Mickey Thompson** hefur verið selt á íslandi í áratugi en dekkin hafa verið framleidd síðan árið 1963. **M/T** merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.



STZ BAJA CLAW MTZ ATZp3

mtdekk.is

**Söluaðilar:** Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu.

**Umboðsaðili:** Icetrack ehf. Sími 773 4334

mtdekk@mtdekk.is



Við skutlum Júlíu heim

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póstdreifing

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is




**ÆSKUHEIMILI** Á æskuheimilinu í Óðinsvéum hefur verið sett upp safn sem margir heimsækja ár hvert.

# Í FÓTSPORUM H. C. ANDERSEN

***FERÐIR*** *Í Óðinsvéum á Fjóni er margt sem minnir á H. C. Andersen, enda heimabær hans. Stöðugur straumur ferðamanna er um bæinn til að skoða æskuheimili skáldsins og byggingar tengdar honum.*

Þekktasti rithöfundur Dana, Hans Christian Andersen, bjó mestan hluta ævi sinnar í Kaupmannahöfn. Hann fæddist hins vegar í Óðinsvéum á Fjóni og bjó þar til fjórtán ára aldurs. Bærinn laðar að sér fjölmarga ferðamenn á sumrin vegna H. C. Andersen en þar má sjá æskuheimili hans. Auk þess eru reglulega sett upp leikrit með ævintýrum þessa snjalla sögumanns. Í Lotze-garði er ævintýrakastali þar sem er barnamenningarsafn. Allir þekkja ævintýrin Eldfærin, Prinsessuna á bauninni, Litlu hafmeyjuna, Nýju fötin keisarans, Litlu stúlkuna með eldspýturnar og Hans klaufa.

Þegar H. C. Andersen var ellefu ára lést faðir hans og sorgin knúði dyra á heimilinu. Seinna varð sú upplifun hvatning til að skrifa ævintýrið Ísdrottninguna. Hann fór ungur í leikhús með foreldrum sínum og heillaðist af þeim heimi. Þess vegna ætlaði hann alltaf að verða leikari eða ballettdansari. Sem betur fer settist hann frekar við skriftir og skapaði ævintýri sem fólk um allan heim les aftur og aftur, kynslóð eftir kynslóð.

Þeir sem ferðast um Danmörku í sumar ættu að koma við í Óðinsvéum og finna hinn rétta H. C. Andersen-anda í bænum. Á góðviðrisdögum situr ungt fólk í grasinu við styttu af meistaranum og les í bók. Rétt þar hjá rennur áin og þar má sjá „pappírsbát“, sem er reyndar höggmynd úr stáli. Móðir Andersens starfaði sem þvottakona við ána, sem ekki var auðvelt starf. Þvottakonuna notaði H. C. Andersen í ævintýrinu „Hun duede ikke“. Hans Christian Andersen fæddist árið 1805 og lést 1875.



**Í KAUPMANNAHÖFN** Víða má sjá styttur af H. C. Andersen, meðal annars í Kaupmannahöfn og New York auk heimabæjarins Óðinsvéa.

## HÁR OG STÓR

**H. C. Andersen þótti óvenju hávaxinn maður fyrir sinn tíma, eða 185 cm hár. Sagt er að það væri svipað og 210 cm hár maður í dag. Hann notaði skó númer 47 sem sömuleiðis þótti mikið. Í garðinum hefur verið komið fyrir fótsporum listamannsins svo gestir geta gengið í þau og þannig ratað að merkilegum hlutum sem tengjast ævintýraskáldinu.**

# SPENNANDI BORGARLÍF

*London, París og Barcelona eru dýrar borgir og þess vegna hafa margir skoðað aðra möguleika í borgarferðum. Hér er nefndar borgir þar sem verðlag er hagstætt.*

- **Madrid** er sögð vera ein mest lifandi borgin í Evrópu. Það er að minnsta kosti fullyrt hjá Lonely Planet. Í borginni eru, fyrir utan fjölbreytt mannlíf, falleg söfn og byggingar, veitingahús á heimsmælikvarða og fallegar verslanir. Næturlífið er fjörugt fyrir þá sem sækjast eftir því.
- **Valencia** er önnur spænsk borg sem gaman er að heimsækja. Hún er þriðja stærsta borg Spánar og býður upp á einstakan arkitektúr, merkileg listasöfn og frábæra veitingastaði.
- **Marseille** í Frakklandi er annar möguleiki. Menningarborg þar sem tíska og list sameinast. Þar er hægt að sameina strönd, borg og list í einum pakka.
- **Napólí** á Ítalíu, upphafsborg pitsunnar. Bæði er hægt að skoða fallega borg, borða góðan ítalskan mat og fara í dagsferðir til Pompei, hinnar fallegu Capri-eyju og að skoða Amalströndina.
- **Aþena** er stórborg sem hefur margt að bjóða með Akrapólís efst á hæðinni. Sagt er að verðlag sé mjög hagstætt núna í Grikklandi fyrir ferðamenn. Þarna er margt að sjá og svo er hægt að fara í siglingu út í einhverja af hinum fallegu grísku eyjum í Eyjahafinu.
- **Ljúblíana** í Slóveníu er frábær heim að sækja. Borgin er sérlega falleg og gestrisni mikil hjá íbúum. Allir sem koma til borgarinnar eru yfir sig hrifnir og ekki sakar að verðlag er mjög hagstætt.



**ÓPERUHÖLLIN Í VALENCIA**

# GÖNGUSKÓR OG ÚTIVISTARFATNAÐUR

MIÐVIKUDAGUR **23. JÚLÍ 2014**

## Vatnsheldar töskur

**Vandaðar útivistarvörur sem henta íslenskum aðstæðum og mikið úrval af vatnsheldum töskum.** **SÍÐA 2**

## Mikið úrval

**Fjölbreytt úrval af útivistarvörum fyrir byrjendur og lengra komna. Fjallakofinn rekur þrjár verslanir.** **SÍÐA 3**



# Frábærir ferðafélagar




Aukin og endurbætt útgáfa hinnar geysivinsælu 101 Ísland




Undirstöðurit allra sem hafa áhuga á útivist




Ekki missa af perlunum í bakgarðinum

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


# Henta vel við íslenskar aðstæður

**Netverslunin Fjalli.is opnaði í fyrra en þar er boðið upp á vandaðar útivistarvörur frá Ortlieb, Coast, Victorinox og Grubs. Versluninni hefur verið afar vel tekið enda henta vörurnar íslenskum aðstæðum sérstaklega vel.**




Vörurnar frá Ortlieb eru hundrað prósent vatnsheldar og hafa rokið út að undanförnu.

„Við erum til að mynda með breitt úrval af vatnsheldum töskum, sjópokum, og hjólatöskum frá þýska framleiðandanum Ortlieb en þær hafa komið sér sérstaklega vel í vætutíðinni að undanförnu. Vörurnar eru 100% vatnsheldar og með fimm ára ábyrgð,“ segir framkvæmdastjórinn Sara Pálsdóttir. Hún segir hjólatöskurnar rjúka út og eru margir farnir að þekkja merkið en í versluninni fást sömuleiðis ýmsar gerðir bögglabera til að hengja þær á. „Sjópokarnir virka svo eins og ferðatöskur en halda öllum búnaði þurrum og eru mikið notaðir í göngu- og hestaferðir, bátsferðir og útilegur svo dæmi séu nefnd.“

Fjalli.is býður líka upp á gott úrval skófatnaðar frá breska framleiðandanum Grubs. „Þetta eru vatnsheldir skór, stígvél og túttur fyrir hinar ýmsu aðstæður. Má þar nefna reiðskó, gegningaskó og gúmmískó, auk úrvals af stígvélum, t.d. kuldastígvél, veiðistígvél, öryggisstígvél og barnastígvél. Fjalli.is býður upp á stígvél fyrir alla fjölskylduna. Skófatnaður úr gúmmíi er tilvalinn í ferðalagið enda kemur það sér alltaf vel að hafa vatnshelda skó í farteskinu,“ segir Sara.



FJALLI.IS

Í versluninni fást líka vasahnífar og eldhúshnífar frá Victorinox og alls konar LED-ljós og verkfæri frá ameríska fyrirtækinu Coast. Má þar nefna höfuðljós, vasaljós, veiðihnífa og ýmis fjölnotatól.

„Hægt er að nálgast allar vörurnar á fjalli.is en auk þess erum við með búð í húsnæði Hirzlunnar í Smiðsbúð 6 í Garðabæ. Þar er hægt að koma og skoða vörurnar, máta skó og versla beint.“

# Best að vanda valið

**Góðir gönguskór eru algert lykilatriði í lengri göngum. Ef ætlunin er að bera einhvern farangur að ráði skiptir val á bakpoka líka miklu máli. Hér gildir sem aldrei fyrr að vanda valið en þannig má komast hjá ýmsum óþægindum.**

Val á göngupoka stendur yfirleitt á milli dagpoka, sem henta í dagsgöngur og trússferðir, og stærri poka, sem eru hugsaðir fyrir allan farangur í nokkra daga; þar með talið tjald, svefnpoka og annað í þeim dúr. Dagpokarnir taka oft um 20 til 40 lítra en stærri pokar 50 til 70 lítra. Mikilvægt er að máta nokkrar gerðir og ávallt að velja stærð út frá hæð og líkamsbyggingu. Pokinn þarf að falla vel að öxlum og baki.

## Nokkur ráð

- Yfirleitt borgar sig ekki að bera mikið meira en 15 kíló á lengri göngum þótt vissulega sé hægt að bera meira í skemmri tíma. Vanur maður ber auðveldlega um fjórðung eigin þyngdar og getur farið í þriðjung í einhvern tíma.
- Það skiptir töluverðu máli hvernig raðað er í pokann. Þyngstu hlutunum ætti að raða sem næst baki. Ef þeir eru framarlega eða efst í pokanum getur það haft áhrif á jafnvægi. Þá er gott að dreifa þyngdinni jafnt á milli hægri og vinstri hluta bakpokans.
- Munið að pakka því allra nauðsynlegasta efst og í aðgengilega hliðarvasa svo ekki þurfi að grafa eftir því ofan í botn mörgum sinnum á leiðinni.

## Góð undirstaða

Flestir mæla með leðurgönguskóm en þeir laga sig vel að fætinum og endast vel. Gott er að hafa þá gúmmívarða á tá og jafnvel allan hringinn. Goretex-skór þykja líka góðir og margir mæla með Vibram-sóla, sem þekkist á gulu hringlaga merki undir sólanum. Þegar ætlunin er að ganga utan göngustíga er mikilvægt að velja uppháa skó sem styðja vel við ökklann. Yfirleitt er mælt með mjúkum eða hálfstífum skóm. Sé einungis ætlunin að ganga á jafnsléttu geta lágir og léttari skór hentað betur.



Góðir gönguskór margborga sig.

## Nokkur ráð

- Best er að máta skó seinni part dags en þá er umfang fótanna gjarnan meira en snemma morguns.
- Mælt er með því að máta skó í tvennum sokkum; þunnum og þykkari göngusokkum.
- Ávallt skal máta báða skóna. Reimaðu, stattu upp og spyrntu fram í tána. Stóru tærnar ættu ekki að koma við framenda skónna og þú ættir að geta hreyft tærnar. Þú ættir að koma fingri á milli hæls og skóenda. Ekki á að koma hliðarhreyfing á fæturna og ekki á að vera hægt að lyfta hælnum. Skórnir mega vera örlítið þröngir í hliðunum. Þar gefa þeir yfirleitt eftir.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmaður auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512-5446
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



„Við bjóðum úrval vandaðra vörumerkja til útivistar og leggjum áherslu á persónulega þjónustu," segja Ásta Birna Gunnarsdóttir vefstjóri og Sandra Ýr Andrésdóttir, verslunarstjóri í Hafnarfirði. MYND/STEFÁN

# Gæðavörur og úrvals þjónusta

**Fjallakofinn hefur þjónustað landsmenn í áratug og boðið upp á traust vörumerki og fagmannlega þjónustu. Fyrirtækið rekur þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu og býður upp á vinsæla vefverslun sem nýtur sífellt meiri vinsælda.**

Útivistarverslunin Fjallakofinn fagnar tíu ára afmæli í ár en fyrsta verslunin var opnuð árið 2004 í Hafnarfirði. Tíu árum síðar eru verslanirnar orðnar þrjár auk þess sem vefur Fjallakofans býður upp á öfluga netverslun. Fjallakofinn í Hafnarfirði skipar alltaf sérstakan sess í sögu fyrirtækisins, enda hófst ævintýrið þar að sögn Söndru Ýrar Andrésdóttur, verslunarstjóra Fjallakofans í Hafnarfirði. „Þetta er búið að vera ævintýralegur vöxtur undanfarin ár og það hefur gengið afar vel hjá okkur. Verslanirnar okkar þrjár bjóða í grunninn upp á svipað vöruúrval en verslun okkar í Kringlunni 7 er þó sú stærsta og býður þar með upp á mesta vöruúrvalið."



Marmot Variant flísjakki með fíber fyllingu að framan.



Marmot Minimalist tveggja laga léttur Gore Tex-jakki.

Í verslunum Fjallakofans er hægt að finna nánast allt sem tengist útivist. Má þar nefna gönguskó, útivistarfatnað, tjöld og skíði. „Við bjóðum úrval vandaðra vörumerkja til útivistar og leggjum áherslu á persónulega þjónustu. Af þekktustu vörumerkjum okkar má til dæmis nefna Scarpa-gönguskóna en þeir hafa notið mikilla vinsælda síðustu ár. Einnig má nefna vörumerkið Marmot, sem býður upp á fjölbreytt úrval útivistarbúnaðar. Við bjóðum einnig upp á mikið úrval smávöru og ýmissa aukahluta eins og til dæmis áttavita og skrefmæla frá Silva, gasbrennara frá Jetboil, mataráhöld, skyndihjálparbúnað og fleira. "

Í Fjallakofanum má einnig finna vandaðan hjólafatnað frá austurríska vörumerkinu Löffler. „Fatnaðurinn frá Löffler er einstaklega góður og hentar vel til lengri og skemmri hjólaferða, bæði innanlands og utan. Ekki skemmir fyrir að hann er líka flottur og klæðilegur."

## Skíðavörur vinsælar

Fjallakofinn hefur alla tíð lagt mikla áherslu á góða heimasíðu þar sem viðskiptavinir geta kynnt sér allar vörur og einnig verslað þar ef það hentar betur. Ásta Birna Gunnarsdóttir, vefstjóri Fjallakofans, sér um að vefurinn innihaldi allar upplýsingar og rétt verð. Hún segir viðskiptavini mjög ánægða með vefinn og ekki síður þann möguleika að geta verslað þar, sérstaklega þá sem búa á landsbyggðinni. „Það skiptir miklu máli fyrir viðskiptavini okkar að hafa allar þessar upplýsingar inni á vefnum. Þannig geta þeir kynnt sér vörurnar betur í ró og næði heima fyrir áður en mætt er verslanir okkar. Sala í netverslun okkar hefur líka aukist ár frá ári og ríkir mikil ánægja með þetta fyrirkomulag."



| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | 7 |


# Ólafur Ragnar á Læðunni

**BAKPANKAR**
Birtu Björnsdóttur



Umburðarlyndi er dyggð og auðvitað á okkur að þykja örlítið vænt um alla hina ólíku samferðamenn okkar á þessari jörð. Öll hljótum við þó að hafa leyfi til að samþykkja ekki allar gjörðir samferðamannanna og láta jafnvel einhverjar þeirra fara í taugarnar á okkur. Ég komst að því fyrir löngu hvað fer mest fyrir brjóstið á mér, en það er þegar einhverjir þessara títtnefndu samferðamanna og -kvenna tala í bíói eða leikhúsi.

**PEGAR** ég á sínum tíma fór að sjá kvikmyndina Bjarnfreðarson var boðið upp á óvæntan kaupauka með bíómiðanum, lifandi lýsingu á því sem fram fór í myndinni frá konu í næsta sæti. Þetta var þó ekki nýmóðins þjónusta á vegum kvikmyndahússins heldur almennur bíógestur sem gat ekki með nokkru móti notið myndarinnar án þess að tíunda allt sem gerðist í myndinni. „Nei, þarna kemur Ólafur Ragnar á Læðunni!“ og „Já, einmitt, fimm háskólagráður!“ var meðal þess sem okkur hinum í bíósalnum var boðið upp á stundarhátt frá hinum sjálfskipaða lýsanda gegnum alla myndina.

**ÉG** kannaði málið, hún var ekki að lýsa því sem fyrir augu bar fyrir sjóndöprum bíófélaga, heldur sat með alsjáandi eiginmanni sínum og lýsti samviskusamlega öllu sem fyrir augu bar.

**ÞESSI** ágæta kona er ekki einsdæmi, bæði í leikhúsi og kvikmyndahúsum eru reglulega einhverjir sem ekki virðast geta á sér setið að bregðast upphátt við því sem allir í salnum eru að horfa á.

**VIÐ** þetta annars ágæta fólk vil ég komast að samkomulagi. Ég skal lofa að óska eftir beinni lýsingu á leikritum og kvikmyndum ef væntun eftir slíkri þjónustu gerir vart við sig hjá mér, ef þið lofið að þangað til opnið þið einungis munninn í bíói til að stinga upp í hann poppi.




**DUGLEGAR DRUSLUR** Hönnuðirnir segja mikla vinnu hafa farið í að hanna og gera allan varninginn en hér má sjá Grétu Þorkelsdóttur ásamt Árna Gunnari Eyþórssyni klæðast bolunum. MYND/SALVÖR GULLBRÁ ÞÓRARINSDÓTTIR

# TAUPOKAR OG TATTÚ

**Þrír nemendur í grafískri hönnun við Listaháskólann fóru í samstarf við skipuleggjendur Druslugöngunnar til þess að gera varning fyrir gönguna.**

„Grunnhugmyndin var að þetta ætti að vera pönkað og taupokarnir eru dálítið þannig,“ segir Helga Dögg Ólafsdóttir en hún er nemi á fyrsta ári í grafískri hönnun í Listaháskólanum ásamt Steinari Ingólfssyni og Grétu Þorkelsdóttur. Þau bekkjarsystkinin gengu til liðs við skipuleggjendur Druslugöngunnar til þess að gera varning fyrir gönguna. „Plakötin eru síðan meira grafísk,“ segir Helga en plakötin eru öll handgerð og silkiþrykkt í bílskúr á Vesturgötunni. „Bakgrunnurinn er rúmlak og stafirnir eru skrifaðir með bleki, við vildum hafa sterkar setningar sem segja ekki of mikið.“

Helga segir mikla vinnu hafa farið í að hanna og gera allan varninginn. „Þetta er svo viðkvæmt mál,“ segir hún. „Það var mjög erfitt að komast að niðurstöðu um hvernig við ætluðum að tækla þetta.“

Helga Dögg segir það hafa verið frábært að vinna með aðstandendum göngunnar en meðal þess sem áhugasamir geta borið í nafni Druslugöngunnar eru bolir, taupokar og svonefnd tyggjótattú sem hægt er að þrykkja á líkamann.

Áhugasamir geta nálgast pokana og bolina á bjórkvöldi Druslugöngunnar sem fer fram annað kvöld á Brikk klukkan 20.00. Það kvöld verður lagið D.R.U.S.L.A. frumflutt en lagið er samstarfsverkefni Reykjavíkurdætra, Halldórs Eldjárn og Ásdísar Maríu og var samið sérstaklega fyrir gönguna.

baldvin@frettabladid.is




## DRUSLUR GANGA

**Druslugangan er mótmælaganga sem hefur það markmið að uppræta fordóma varðandi klæðaburð og ástand þeirra sem verða fyrir kynferðisofbeldi og vekja athygli á því að það eru gerendur sem bera ábyrgð á kynferðisofbeldi.**





BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




**3008**, eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **4,2** til **6,7**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **110** til **159**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

## Lauflétt hjá Anítu




**FRJÁLSAR** Hlaupadrottningin Aníta Hinriksdóttir komst auðveldlega áfram í undanúrslit í 800 metra hlaupi kvenna á HM U19 ára sem fram fer á hinum sögufræga Hayward Field-velli í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum þessa vikuna.

Aníta var allan tímann á meðal þriggja fremstu stúlknanna í hlaupinu en tók forystuna þegar 200 metrar voru eftir og stakk keppinauta sína af.

Hún skokkaði síðustu 100 metrana rólega í mark og kláraði á tímanum 2:03,41 sem er tæpum þremur sekúndum frá Íslandsmeti hennar. Þetta var jafnframt besti tíminn í undanrásunum.

Undanúrslitin fara fram á morgun og úrslitahlaupið aðfaranótt föstudags. Fjórar stúlkur sem keppa í Eugene eiga betri tíma en Aníta.

## Þingfesting kostar 700 þúsund krónur

**FÓTBOLTI** Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, telur að svar sem barst frá Alþjóðahandknattleikssambandinu, IHF, í vikunni sé ófullnægjandi. HSÍ hafði farið fram á skýringar á ákvörðun IHF um að veita Þýskalandi þátttökurétt á HM í Katar eftir að sambandið ákvað að afturkalla keppnisrétt Eyjaálfu.

„Í raun kom ekkert nýtt fram,“ sagði Guðmundur en í fyrri yfirlýsingu HSÍ var því haldið fram að IHF hefði ekki breytt reglum fyrr en eftir að undankeppni HM lauk – ólíkt því sem alþjóðlega sambandið hefur haldið ítrekað fram.

Guðmundur segir að HSÍ hafi óskað eftir samstarfi við ÍSÍ og þá sé heldur ekki útilokað að leitað verði til dómstóla, annaðhvort innan IHF eða til íþróttadómstólsins í Lausanne.

„Þetta er stór og mikil ákvörðun fyrir okkur því það er ekki að því hlaupið að fjármagna dómsmál. Það kostar til dæmis fimm þúsund svissneska franka að þingfesta mál fyrir dómstóli IHF. Við þurfum því að íhuga vel hvaða skref við tökum næst,“ sagði Guðmundur en ítarlegt viðtal við hann má finna á íþróttavef Vísis.

- esá



**FORMAÐURINN** Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍÞRÓTTAFÉLAG FATLAÐRA REYKJAVÍK
STOFNAÐ 30. 5. 1974

Bogfimikennsla

Bogfimikennsla fyrir fatlaða verður í sumar mánudaga til föstudaga frá kl. 14.00 til 16.00 á nýjum útibogfimivelli ÍFR að Hátúni 14.

Aðgangur er ókeypis.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá ÍFR í síma 561-8226



**ÖFLUGUR** Arnar Már Björgvinsson hefur átt góða leiktíð með Stjörnunni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Völtuðu yfir okkur

**Arnar Már Björgvinsson skoraði eitt mark og lagði upp tvö þegar Stjarnan vann Fylki á sunnudaginn. Hann er leikmaður 12. umferðar hjá Fréttablaðinu.**

**FÓTBOLTI** Arnar Már Björgvinsson er leikmaður tólftu umferðar að mati Fréttablaðsins, en hann átti frábæran leik þegar Stjarnan bar sigurorð af Fylki í Árbænum með þremur mörkum gegn einu. Arnar skoraði fyrsta mark Stjörnunnar og lagði hin seinni tvö upp. Hann sagðist hafa fundið sig vel í leiknum.

„Já, ég hef nú skorað reglulega í Árbænum í gegnum tíðina. Ég fann mig vel í leiknum og hélt áfram á því góða róli sem ég hef verið á í síðustu leikjum,“ sagði Arnar sem hefur skorað fimm mörk í síðustu fimm leikjum Stjörnunnar.

### Gekk hratt fyrir sig

Arnar sneri aftur í Garðabæinn í vetur eftir þriggja ára dvöl hjá Breiðabliki. Samningur hans við Kópavogsliðið rann út eftir síðasta tímabil og í kjölfarið hóf Arnar að æfa með sínum gömlu félögum í Stjörnunni.

„Ég hringdi í Rúnar (Pál Sigmundsson) í nóvember og ætlaði að fá að æfa með Stjörnunni. Það fór strax að ganga vel, ég fór að spila með þeim og svo var samið við mig í byrjun janúar. Þetta gekk allt mjög hratt fyrir sig,“ sagði Arnar sem kom til Stjörnunnar í þriðja flokki frá Álftanesi þar sem hann hóf sína knattspyrnuiðkun.

Stjarnan er aðeins tveimur stigum frá toppsætinu, en Arnar segir þó að leikmennirnir séu ekki farnir að hugsa um Íslandsmeistaratitilinn.

„Við höfum aðeins rætt þetta nokkrir innan leikmannahópsins og menn eru ekkert farnir að láta sig dreyma um Íslandsmeistaratitilinn. Markmiðið fyrir tímabilið var að halda Evrópusætinu og við erum á góðri leið með það,“ segir Arnar og bætir við:

„Við erum samt orðnir meðvitaðir um það að toppsætið blasir við okkur og við munum gera allt til þess að hrifsa það frá FHingum.“

### Snerist bara í hringi

Á morgun leikur Stjarnan seinni leik sinn gegn Motherwell í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Stjörnumenn náðu í jafntefli í fyrri leiknum í Skotlandi eftir að hafa lent 2-0 undir, en Arnar segir fyrstu mínútur leiksins hafa verið mjög erfiðar.

„Ég get verið hreinskilinn með það að þeir völtuðu yfir okkur fyrstu 20 mínúturnar. Maður snerist bara í hringi og hélt að þetta myndi fara 10-0. En undir góðri leiðsögn Veigars Páls Gunnarssonar fórum við að spila okkar bolta og þá sköpuðum við okkar bestu færi í sumar.

Ég held að við höfum aldrei skapað jafn mörg færi í leik í sumar og við sýndum að við eigum í fullu tré við þetta lið. Við erum fullir tilhlökkunar fyrir morgundeginum.“

### Glataður tími til að fara út

Eins og komið hefur fram í fréttum er Arnar á leið til Hollands í haust þar sem hann mun stunda meistaranám í lögfræði. Hann segir óljóst hvernig málum hans verður háttað þegar þar að kemur.

„Þetta er ekki komið á hreint enn þá. Ég veit ekki hvenær ég þarf að vera kominn út, en ég mun reyna að fresta því eins og ég get. Þetta er auðvitað glataður tími til að fara út, sérstaklega þegar það hefur gengið svona vel. Ég hugsa að ég nái að klára alla leikina fram að landsleikjahléinu og svo kemur í ljós hvort ég nái þessum síðustu fjórum leikjum,“ sagði Arnar að lokum.

- iþs

Körfuknattleikssamband Íslands
KKÍ
EVRÓPUKEPPNIN 2014
LANDSLIÐ U18 KARLA Í KÖRFUBOLTA
U18 ára landslið karla heldur í dag út til Búlgaríu þar sem þeir munu taka þátt í Evrópukeppni FIBA Europe. KKÍ og samstarfssaðilar óska þeim góðs gengis á mótinu. Nánari fréttir af strákunum okkar verða síðan birtar á www.kki.is en einnig verður hægt að fylgjast með leikjum liðsins í beinni tölfræðilýsingu á netinu.
ÁFRAM ÍSLAND
ICELANDAIR
DOMINO'S DEILDIN
Landflutningar SAMSKIP
POWERADE
Lengjan www.getraunir.is
Hertz

## Harpa tryggði sigurinn

**FÓTBOLTI** Harpa Þorsteinsdóttir skoraði eina mark Stjörnunnar gegn Breiðabliki úr vítaspyrnu á 42. mínútu í toppslag Pepsi-deildar kvenna í fótbolta í gærkvöldi.

Með sigrinum hefndi Stjarnan fyrir tapið gegn Blikum í fyrstu umferðinni, en það er eina tap Garðbæinga í deildinni undanfarin tvö sumur. Íslandsmeistararnir eru sem fyrr á toppi deildarinnar með 27 stig, en Breiðablik í þriðja sæti með 19 stig. Mun meira um leikinn á Vísi.

Afturelding vann FH, 1-0, með marki Stefaníu Valdimarsdóttur í gær. Mosfellingar í 9. sæti með sex stig. FH með 8 stig.

- tom



**BARÁTTA** Aldís Kara Lúðvíksdóttir, Breiðabliki, með boltann í baráttu við Sigrúnu Ellu Jónsdóttur úr Stjörnunni í leik liðanna í Garðabænum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



@tt.is
MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
GEGGJUÐ SUMARTILBOÐ!
AOC 22" E2250SWDA SKJÁR
Full HD skjár á geggjuðu verði. 1920x1080 upplausn, 5ms svartími, DVI&VGA tengi.
TAKMARKAÐ MAGN!
23 750,-
19.950,-
AOC
CORSAIR
CORSAIR VENGEANCE 1400
Leikjaheyrnatól með stórum þægilegum púðum sem hljóðeinangra og tryggja betri hljómgæði.
22 450,-
18.950,-
1TB DISKUR
AC Ryan PV73500
Full HD flakkari með 1TB hörðum disk. 2x USB tengi.Styður flestar gerðir af hljóð- og myndskrám. Kortalesari.
29 950,-
A.C.Ryan
24.950,-
RAZER
Razer Deathadder
Leikjamús með 6400dpi upplausn. Optical tækni fyrir meiri nákvæmni. Auðvelt að breyta um upplausn á einum takka.
12.950,-
SUMAR TILBOÐ
RAZER
RAZER DEATHSTALKER LYKLABORÐ
Sérhannað baklýst leikjalyklaborð með forritanlegum tökkum.
15 950,-
13.950,-
Intel Turnvél 4
Öflug leikjavél með Intel i5 4690 Quad örgjörva, 8GB vinsluminni, SSD 120GB + 1TB disk. Geforce 760GTX skjákort. Windows 8.1 64bita.
COOLER MASTER
189.950,-
Intel Turnvél 3
Hörku góð vél á tilboðsverði með Intel i5 4590 Quad örgjörva. 8GB vinnsluminni 1TB diskur. Geforce 750Ti GTX skjákort. Windows 8.1 64bita.
139 950,-
COOLER MASTER
129.950,-
AMD Turnvél 1
Ódýr heimilisvél með AMD A4-4000 örgjörva. 4GB vinnsluminni. 500GB harður diskur. Radeon 7450D skjákjarni. Windows 8.1 64bita.
69 950,-
COOLER MASTER
64.950,-
Fartölvur
Spjaldtölvur
Borðtölvur
Uppfærslur
Flakkarar
Jaðartæki
Turnkassar
Aflgjafar
Móðurborð
Örgjörvar
Kælingar
Vinnsluminni
Skjáir
Skjávarpar
Netbúnaður
Rekstrarvörur
Hugbúnaður
Kaplar og tengi
Hljóðkort
Harðir diskar
SSD diskar
Skjákort
Geisladrif
Stýrispjöld
Att.is Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • sími 569 0700 • Opið alla virka daga 10-18

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 20.00**
## How I met your mother
Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.

## Í KVÖLD



### Með okkar augum
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.30** Einlæg og skemmtileg þáttaröð þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt.



### America's Next Top Model
**SKJÁR EINN KL. 20.30** Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Petta er í fyrsta sinn sem fleiri en 14 þátttakendur fá að spreyta sig í keppninni enda taka piltar líka þátt í þetta sinn.



### Fjórgangur
**STÖÐ 2 SPORT KL. 15.45** Bein útsending frá Íslandsmótinu í hestaíþróttum sem fram fer á félagssvæði Fáks í Víðidal. Keppt er í fjórgangi. Telma Tómasson hefur umsjón með þættinum.

**X-ið 977 kl. 8-11**
## Harmageddon
Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er jafn alvarlegur og hann er fyndinn.



HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDA-STÓLAR | LYFTISTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | RÚM

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ ENN BETRA DORMAVERÐ

DORMA – býður góða nótt

EKKI MISSA AF ÞESSU
SUMARÚTSALA
20-50% AFSLÁTTUR

NATURE'S REST heilsurúm

Verðdæmi ➔ 100x200 cm




SIESTA svefnsófi




Stærð: 192 x 85 cm. Slitsterkt áklæði – margir litir. Dýnustærð 147x197 cm. Rúmfatageymsla

DORMA – býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** Malcolm in the Middle
**08.25** Wipeout
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.10** Spurningabomban
**11.00** Touch
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Cold Feet
**13.50** Episodes
**14.20** Smash
**15.05** Arrested Development
**15.35** Xiaolin Showdown
**15.55** Frasier
**16.20** The Big Bang Theory
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.06** Veður
**19.15** The Michael J. Fox Show *(16:22)*
**19.35** The Middle *(10:24)*
**20.00** How I Met Your Mother *(14:24)*
**20.25** The Night Shift *(1:8)*
**21.10** Mistresses *(7:13)*
**21.55** Covert Affairs *(2:16)*
**22.40** Enlightened *(4:10)*
**23.10** NCIS
**23.55** Major Crimes
**00.40** Those Who Kill
**01.25** Louie
**01.50** The Blacklist
**02.35** Private Lives of Pippa Lee
**04.10** Street Fighter. The Legend of Chun-Li
**05.45** Fréttir og Ísland í dag

### SPORT *besta sætið*

**14.20** Borgunarmörkin 2014
**15.05** N1 mótið
**15.45** Fjórgangur Bein útsending frá Íslandsmótinu í hestaíþróttum sem fram fer á félagssvæði Fáks í Víðidal. Keppt er í fjórgangi. Telma Tómasson hefur umsjón með þættinum.
**22.00** Barcelona - Flensburg
**00.00** Pepsímörkin 2014

### SPORT 2 *enski boltinn*

**15.20** PL Classic Matches. Newcastle - Man. Utd., 2001
**15.50** Úrúgvæ - England
**17.35** Ítalía - Kosta Ríka
**19.20** Sol Campbell 10 þátta sería um nokkra af helstu leikmönnum enska úrvalsdeildarinnar í gegnum árin.
**19.50** Sviss - Frakkland
**21.35** Hondúras - Ekvador
**23.20** Liverpool - Roma Bein útsending frá vináttuleik Liverpool og Roma.

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing **21.00** Gott mál **21.30** Á ferð og flugi

### STÖÐ 3

**18.35** Malibu Country
**19.00** H8R
**19.40** Romantically Challenged
**20.00** Sullivan and Son *(4:10)*
**20.25** Revolution *(21:22)*
**21.05** Gang Related *(1:13)*
**21.50** Damages *(8:10)*
**22.40** Ravenswood *(7:10)*
**23.20** The 100 *(8:13)*
**00.00** H8R
**00.40** Romantically Challenged
**01.05** Sullivan and Son
**01.30** Revolutio
**02.10** Gang Related
**02.55** Damages
**03.45** Tónlistarmyndbönd

### Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Skógardýrið Húgó **08.44** Ávaxtakarfan **09.00** Lína langsokkur **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.25** Skógardýrið Húgó **12.47** Ávaxtakarfan **13.00** Lína langsokkur **13.24** Latibær **13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.25** Skógardýrið Húgó **16.47** Ávaxtakarfan **17.00** Lína langsokkur **17.24** Latibær **17.47** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **20.30** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**06.25** Tónlistarmyndbönd
**18.05** Strákarnir
**18.30** Friends
**18.55** Seinfeld
**19.20** Modern Family
**19.45** Two and a Half Men *(11:24)*
**20.05** Örlagadagurinn *(12:30)*
**20.40** Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
**21.00** Breaking Bad
**21.45** Chuck *(4:22)*
**22.30** Cold Case *(13:23)*
**23.15** Boardwalk Empire
**00.05** Without a Trace
**00.50** Harry's Law
**01.35** Örlagadagurinn
**02.10** Heimsókn
**02.30** Breaking Bad
**03.15** Chuck
**04.00** Cold Case
**04.40** Boardwalk Empire
**05.35** Tónlistarmyndbönd

### BÍÓSTÖÐIN

**11.40** Playing For Keeps
**13.25** La Delicatesse
**15.15** Happy Gilmore
**16.50** Playing For Keeps
**18.35** La Delicatesse
**20.25** Happy Gilmore
**22.00** Alex Cross
**23.40** One For the Money
**01.10** The Experiment
**02.45** Alex Cross

### RÚV

**16.30** Martin læknir
**17.20** Disneystundin
**17.21** Finnbogi og Felix
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Nýi skólinn keisarans
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Pricebræður bjóða til veislu *(3:5)*
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Með okkar augum *(2:6)* Einlæg og skemmtileg þáttaröð þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt.
**20.00** Mánudagsmorgnar *(2:10) (Monday Mornings)* Bandarísk þáttaröð um líf og störf skurðlækna sem berjast fyrir lífi sjúklinga sinna. Aðalhlutverk: Ving Rhames, Jamie Bamber og Jennifer Finnigan.
**20.45** Frú Brown *(2:7) (Mrs. Brown Boys)* Margverðlaunaðir gamanþættir um kjaftforu húsmóðurina Agnesi Brown í Dublin. Höfundur og aðalleikari er Brendan O'Carroll, en þættirnir hafa m.a. hlotið hin virtu BAFTA-verðlaun.
**21.15** Íslenskar stuttmyndir *(Eyja)*
**21.30** Ferðalok *(2:6) (Bardaginn við Knafahóla)*
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Með Ali í hringnum *(Facing Ali)* Heimildamynd þar sem fyrrverandi andstæðingar Muhammads Ali rifja með lotningu upp bardagana og samskiptin við þennan þrefalda heimsmeistara boxíþróttarinnar.
**00.00** Glæður
**01.00** Fréttir
**01.10** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.00** My Mom Is Obsessed
**16.45** Psych
**17.30** Dr. Phil
**18.10** Catfish
**18.55** King & Maxwell
**19.40** America's Funniest Home Videos
**20.05** Save Me *(9:13)*
**20.30** America's Next Top Model *(6:16)*
**21.15** Emily Owens M.D *(9:13)*
**22.00** Ironside
**22.45** The Tonight Show Harðnaglinn
**23.30** Leverage
**00.15** House of Lies
**00.40** Ironside
**01.25** The Tonight Show
**02.10** Pepsi MAX tónlist

### Golfstöðin

**08.00** The Open Championship **14.00** The Open Championship Highl **14.30** US Open 2014 **16.00** Golfing World 2014 **16.50** LPGA Tour 2014 **18.50** The Open Championship Highl **19.20** Golfing World 2014 **20.10** Web.com Tour Highligts **21.05** European Tour 2014 **23.35** The Open Championship Highl

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin


EXTREM / EXTREME
Compeed®
Extra tryckavlastning mot skoskav.
Omedelbar smärtlindring.
MEDIUM
BLÅSOR/SKAVSÅR | VABLER/GNAGSÅR
Compeed
Láttu ekki blöðru stoppa þig!
Notaðu COMPEED® fyrirbyggjandi eða til að græða sárið
COMPEED® EXTREME þolir meira álag en annar Compeed plástur
IS/COM/2014/01/06/2
COMPEED® blöðruplástrar
draga strax úr sársauka
vernda sárið fyrir óhreinindum og bakteríum
skapa sárinu kjöraðstæður til að gróa
flýta fyrir gróanda
Compeed®
Be Unstoppable
Fæst í Lyf & heilsu og Apótekaranum

## BESTA MYNDIN



**„Ég held ég verði að segja Garden State. Ég fæ aldrei leið á henni. Hún er fyndin og rómantísk en á sama tíma hálftragísk. Hún er líka alveg svona temmilega hallærisleg sem gerir hana enn þá betri.“**

Hildur Ragnarsdóttir, eigandi verslunarinnar Einveru og Trendnet-bloggari.

# Heilt maraþon í jakkafötum

### Pétur Ívarsson hefur áður hlaupið hálfmaraþon í jakkafötum og er klár í slaginn.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég hleyp heilt maraþon í jakkafötum og þetta er örugglega í fyrsta sinn sem maður hleypur heilt maraþon í jakkafötum á Íslandi,“ segir Pétur Ívarsson, verslunarstjóri Boss-búðarinnar í Kringlunni og hlaupari. Hann ætlar að hlaupa heilt maraþon í Reykjavíkurmaraþoninu í jakkafötum til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna. „Ég hljóp hálft maraþon í fyrra en maður getur ekki sagt sama brandarann tvisvar og fer ég því helmingi lengra í ár,“ segir Pétur léttur í lund.

Hann er þó alvanur hlaupari, hefur hlaupið sjö heil maraþon áður og þykir vegalengdin ekkert mál.

„Ég ætla að stilla upp þremur gínum í búðinni og leyfa fólki að kjósa í hvaða jakkafötum ég á að hlaupa. Ég verð samt í Brooks-hlaupaskóm því ég vil ekki stúta á mér fótunum,“ segir Pétur. Fyrir utan hlaupaskóna verður hann klæddur í jakkaföt og skyrtu með bindi og klút.

Þá má segja að maraþonið sé gæðapróf fyrir jakkafötin í búðinni. „Já, þau rifnuðu ekki í fyrra þótt það hafi rignt og auðvitað eru fötin viðkvæmari þegar þau eru blaut. Ég hef engar áhyggjur af að þau rifni, þó svo að ég viti að þau verði þröng því ég mun hlaupa í fötum sem eru í nýjustu tísku og aðsniðin jakkaföt eru í tísku,“ útskýrir Pétur. - glp

→ Pétur ætlar að styrkja Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna enn frekar, því búðin mun bæta við tíu prósentum af safnaðri upphæð.



**SNYRTILEGT SKOKK** Pétur Ívarsson hleypur heilt maraþon í jakkafötum í næsta mánuði. MYND/EVA ÓLAFSDÓTTIR








**VOLDUGT VERK** Verk Kristínar Þorláksdóttur og Ýmis Grönvold kallast Afapollur og er á húsvegg við höfnina í Vestmannaeyjum. MYND/LAUFEY KONNÝ GUÐJÓNSDÓTTIR

# Vonskuveður setti strik í listsköpunina

### Kristín Þorláksdóttir og Ýmir Grönvold hafa lokið við að mála stærðarinnar listaverk á húsvegg við höfnina í Vestmannaeyjum og tekur verkið á móti fólki úr Herjólfi.

„Það var haft samband við mig og ég fengin í þetta verkefni en sá sem hafði samband hafði séð verk mín og vildi fá mig í þetta,“ segir listakonan Kristín Þorláksdóttir, en hún hefur nú, ásamt listamanninum Ými Grönvold, lokið við stærðarinnar listaverk sem prýðir stóran vegg á húsi í eigu Eimskipafélagsins við höfnina í Vestmannaeyjum.

Verkið, sem ber nafnið Afapollur, prýðir vegg sem er um fjórtán metrar að breidd og átta til níu metrar á hæð, á húsi sem er það fyrsta sem fólk sér þegar það kemur út úr Herjólfi í Vestmannaeyjum. „Nafnið er dregið af stað sem var í Eyjum fyrir gos sem hét Afapollur. Þangað komu börn oft til þess að leika sér en staðurinn hvarf í gosinu. Fólk hefur verið að koma til mín og segja mér að verkið minni á bernskuminningar sínar, sem er fallegt að heyra,“ segir Kristín.

Hún segist þó ekki hafa verið lofthrædd í átta til níu metra hæð, þegar hún málaði efsta hluta verksins. „Ég var ekki lofthrædd, fyrst þegar ég vann í svona lyftu þá var ég smeyk en er orðin vanari í dag.“

Íslenskt veðurfar er þó ekki alltaf það ákjósanlegasta fyrir götulistamenn en Kristín og Ýmir lentu í alls kyns veðri. „Það tók um það bil átta heila daga að mála verkið en í þremur atrennum, við fórum þrisvar sinnum til Eyja en fórum alltaf heim á milli því það kom brjálað veður,“ segir Kristín og hlær.

Hún er þó ekki tengd Eyjum á nokkurn hátt, nema að stjúpmóðir hennar er frá Eyjum. „Ég hafði síðast komið til Eyja þegar ég var tíu ára á pysjuveiðum.“

Mikla undirbúningsvinnu þarf að vinna fyrir smíði svona stærðarinnar listaverks. „Maður þarf að hafa fullkomna mynd fyrir framan sig, skyssan þarf að vera mjög góð. Ég var með skyssuna í símanum mínum, það er betra en að hafa þetta á pappír því hann getur blotnað og rifnað.“



→ Kristín Þorláksdóttir er dóttir listamannsins Tolla og á því ekki langt að sækja sköpunargáfuna.

Kristín, sem útskrifaðist af listnámsbraut frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, hefur lengi haft mikinn áhuga á götulist og segir greinina vera að vaxa og stækka mikið og þá sérstaklega hér á landi. Þá er hún á leið í myndlistarnám í OCAD í Toronto í haust. Hún hefur unnið ýmis verk eins og til dæmis nítján metra hátt vegglistaverk við Hamraborgina í Kópavogi.

Hún opnar sýningu í dag á Kaffi Krók við höfnina í Eyjum og ber sýningin nafnið Leikir.

gunnarleo@frettabladid.is

# Ætlar ekki að gefa út plötu í bráð

### Friðrik Dór Jónsson vinnur nú í nýju efni með StopWaitGo og Ólafi Arnalds.

„Ég er að gera lag og lag þessa dagana og hef verið að vinna bæði með StopWaitGo og Ólafi Arnalds sem er mjög skemmtilegt,“ segir tónlistarmaðurinn Friðrik Dór Jónsson sem undirbýr nýtt efni þessa dagana. „Það er mikið að gera hjá báðum aðilum en ég hef fulla trú á að það komi eitthvað gott út úr þessu samstarfi, enda Óli mikill fagmaður og StopWaitGo-strákarnir einnig,“ bætir Friðrik við.

Hann ætlar þó ekki að gefa út plötu á næstunni enda hefur plötusala oft verið meiri en um þessar mundir. „Það er eflaust fullt af listamönnum sem hafa hag af því að gefa út plötu en það er vænlegra fyrir mig að gefa út á netinu. Menn eru ekkert að græða mikið á plötusölu í dag og það kostar skildinginn að gefa út. Ég hugsa að ég gefi bara út á netinu á næstunni,“ útskýrir Friðrik.

Hann segir nýtt lag vera væntanlegt frá sér í sumar. „Vonandi fer eitthvað af þessu sem ég hef verið að vinna með strákunum að klárast. Ég stefni allavega á að gefa út lag í sumar.“ Spurður út í samstarf með bróður sínum, Jóni Ragnari Jónssyni, segir Friðrik ekki mikið að frétta af því. „Við skiptumst bara á hugmyndum og sýnum hvor öðrum það sem við erum að gera. Þetta er bara bræðraást en við erum ekkert að fara að gefa út saman á næstunni.“ - glp



MYND/ERNIR

**Ég hugsa að ég gefi bara út á netinu á næstunni.**

*Friðrik Dór Jónsson*

# ego dekor

## MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



MADISON tungusófi
Stærð: 286X164cm
Verð: 188.100,-



CALISTO tungusófi
Stærð: 290X188cm
Verð: 212.400,-



ERIC skenkur
Breidd: 170cm Verð: 149.900,-
Breidd: 224cm Verð: 209.900,-



ARES 3ja sæta sófi
Breidd: 198cm
Verð: 129.900,-



ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 149.900,-



Glersófaborð -3 saman
Stærð: 110X60cm
Verð: 78.000,-



KUND tungusófi
Stærð: 303X168cm
Verð: 238.500,-



COE armstóll
Verð: 108.000,-



SONATA stóll
Verð: 25.900,-



CHESTER stóll
Verð: 19.900,-



CHESS armstóll
Verð: 78.000,-



MONET stóll
Verð: 19.900,-



VERONA armstóll
Verð: 35.000,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



EVRÓPA
VERÐ FRÁ
9.990 KR.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Litla flugan leikin

Mikil gleði var á Café Rosenberg á mánudagskvöldið þegar **Anna Mjöll Ólafsdóttir** kom þar fram fyrir fullu húsi, ásamt stórhljómsveit.

Bandaríski trommuleikarinn Dave Weckl, sem er talinn vera einn sá albesti í heiminum, tók nokkur lög með Önnu Mjöll og hljómsveitinni en fyrsta lagið sem hann lék var einmitt lagið Litla flugan. Weckl þekkti lagið líklega lítið en átti þó stórleik. Þá ætlaði allt um koll að keyra þegar hann tók magnað trommusóló undir lokin.

Weckl var staddur hér á landi og var hér með trommukennslu og fyrirlestur á sunnudag og mánudag. Hann og Anna Mjöll þekkjast úr tónlistarsenunni í Los Angeles og því kjörið að Weckl skyldi taka nokkur lög með henni fyrst hann var staddur hér á landi. **- glp**



### Trommarar fengu góð ráð

Fimmtán íslenskir trommarar nutu leiðsagnar Bandaríkjamannsins Davids Weckl í hóptíma sem hann hélt í hátíðarsal FÍH á mánudag. Þar voru kappar á borð við Einar Scheving, Ólaf Hólm úr Nýdönsk, Birgir Jónsson úr Dimmu, Þorvald Þorvaldsson, Matthías Hemstock og **Benedikt Brynleifsson** en færri komust að en vildu.

Weckl hefur unnið sér til frægðar að hafa spilað með hljómsveit Chick Corea og starfað með Paul Simon, Madonnu og Robert Plant. Hann eyddi heilum degi með íslensku trommurunum, fylgdist með spilamennsku þeirra og gaf þeim góð ráð. **- fb**



## Mest lesið VÍSIR

1. Bróðir Gylfa: Hann var seldur á tíu milljónir punda
2. „Hann er ekki 90 ára svo hann virkar ekki“ – myndband
3. „Þetta var öðruvísi bit en öll bit sem ég hef fengið“
4. Milos: Sjúkrakerfið á Íslandi í ruglinu
5. Grípur þrisvar sinnum í píkuna á sér í hverju setti





